

**SKOÐUN** Hönnunarmiðstöð hefur lyft grettistaki í kynningu íslenskra hönnuða, skrifar Ólafur Mathiesen. 14



**MENNING** The Vintage Caravan gerði samning við stærstu sjálfstæðu þungarokksútgáfu heims. 30



**SPORT** Skúli Jón Friðgeirsson segir þjálfaraskipti gærdagsins það besta sem fyrir hann gat komið. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
1. október 2013
230. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**MR þolir ekki meira**
Menntaskólinn í Reykjavík fær minnst framlög á hvern nemanda frá ríkinu. Framlög til hans lækkuðu þegar langflestir skólar fengu meira. Þar á bæ segja menn að skólinn þoli ekki meiri niðurskurð. 2

**Fái hæli í Reykjavík** Innanríkisráðuneytið á nú í samningaviðræðum við Reykjavíkurborg um að borgin taki við hælisleitendum. 4

**Áhersla á kaupmátt** Verkalýðssamtök leggja áherslu á kaupmáttaraukningu og skattalækkanir í kröfugerð sinni. 6

**Gætu þurft að bíða** Fái Heilbrigðisstofnun Suðurlands ekki aukin fjárframlög gætu veikir og slasaðir þurft að bíða eftir sjúkraflutningum. 8




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | N | 2 |
| Akureyri | 7° | S | 2 |
| Egilsstaðir | 10° | S | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SA | 2 |
| Reykjavík | 8° | N | 3 |

**HÆGUR VINDUR** Í dag verður víðast hvar hæg breytileg átt og rigning, einkum SA-til, en yfirleitt þurrt NV-til. Hiti 4-10 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Bílar | Fólk




# Ódýrara að leggja flugvél en einkabíl í miðborginni

Aðeins kostar nokkur þúsund krónur að leggja einkaþotu á Reykjavíkurflugvelli í tvo sólarhringa. Eftir það kostar það 680 krónur á sólarhring. Talsmaður Isavia segir gjöldin sambærileg við það sem tíðkist erlendis.

**SAMGÖNGUR** Eigendur flugvéla sem lagt er á Reykjavíkurflugvelli greiða svipað eða minna í gjöld til flugvallarins á sólarhring en ökumenn í miðborginni greiða fyrir gjaldskyld bílastæði. Notendur flugvallarins greiða um 30 prósent af rekstrarkostnaði flugvallarins en ríkið greiðir afganginn.

Þegar flugvél er lent á Reykjavíkurflugvelli greiðir eigandi hennar lendingargjald, þúsund krónur á hvert tonn, sem á einungis við um vélar sem eru þyngri en tvö tonn. Lauslegur samanburður Fréttablaðsins á lendingargjaldi sambærilegra flugvalla sýnir að gjaldið er mun hærra í öðrum löndum og hleypur í sumum tilvikum á hundruðum þúsunda.

Að auki eru engin stæðisgjöld rukkuð á Reykjavíkurflugvelli fyrstu sex klukkutímana eftir að vél er lagt þar. Að þeim tíma loknum er rukkað eftir þyngd vélarinnar, um 1.100 krónur á hvert tonn fyrir fyrstu tvo sólarhringana og þar á eftir 680 krónur á sólarhring.

„Það er ekki langt síðan þessi gjöld voru hækkuð og þá kvörtuðu innlendir flugrekendur vegna þess að allar hækkanir hafa áhrif á farmiðagjöld þeirra," segir Friðþór Eydal, talsmaður Isavia, sem fer með rekstur flugvallarins.

Spurður hvort gjaldið sé ekki of lágt samanborið við til að mynda bílastæðagjöld í Reykjavík segir hann gjöldin ekki samanburðarhæf. „Flugvallargjöld og stæðisgjöld fyrir flugvélar byggja á allt öðrum hlutum en rekstur bílastæða. Gjaldtaka á flugvöllum hér á landi tekur ekki mið af gjaldtöku bifreiðastæða heldur af gjaldtöku á öðrum flugvöllum í öðrum löndum," segir Friðþór.

Róbert Marshall, alþingismaður og fulltrúi Bjartrar framtíðar í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, segir fyrirkomulag gjaldanna ekki koma sér á óvart. „Þetta er eitt af þeim dæmum sem sýna að skipulagsmálum er um margt áfátt á Reykjavíkurflugvelli," segir Róbert. - hg

> **Þetta er eitt af þeim dæmum sem sýna að skipulagsmálum er um margt áfátt á Reykjavíkurflugvelli.**
>
> *Róbert Marshall, fulltrúi í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis*





**SNILLINGUR** „Þetta er einn fremsti veggjakrotari heims," segir Gunnar Jóhannsson, einn af eigendum hússins sem verkið er spreyjað á. „Ef hægt er að kalla hann veggjakrotara," bætir Gunnar við. „Hann er snillingur, þessi maður." MYND/PJETUR

Vegglistaverk í Vesturbænum:

## Fegrar ásýnd Héðinshússins

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta er bara byrjunin á miklu stærra verki," segir Gunnar Jóhannsson, einn af eigendum Héðinshúss við Seljaveg í Vesturbænum sem fengu ástralska listamanninn Guido van Helten til þess að fegra ásýnd hússins.

„Við rákumst á þennan listamann fyrir tilviljun í sumar þar sem hann var að spreyja og fengum hann með okkur í þetta," útskýrir Gunnar, sem fékk van Helten gagngert til landsins í verkefnið.

Myndirnar sem van Helten spreyjar eru upp úr íslensku leikverki sem sett var upp á sjötta áratugnum. „Verkið samanstendur af þremur ljósmyndum sem teknar eru úr mismunandi senum úr leikritinu," segir Gunnar.

Van Helten hófst handa við verkið rétt fyrir helgi og mun ljúka því á næstu vikum eftir því sem veður leyfir. - nej






Hjartaskurðlæknateymi Landspítalans við það að liðast í sundur í sumar:

# Útilokað að fylla skörð læknanna

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveir af fimm læknum úr hjarta- og brjóstholsskurðlækningateymi Landspítalans sögðu upp störfum í sumar vegna óánægju með starfsaðstöðu og kjör.

Bjarni Torfason, yfirlæknir hjarta- og brjóstholsskurðlækninga, staðfestir að þessi staða hafi komið upp í sumar. „En þeir ætla að leggja okkur áfram lið í þessum hremmingum sem við erum að fara í gegnum þessa dagana."

Spurður hvort raunveruleg hætta sé á því að teymið liðist í sundur svarar Bjarni að „eins og er" hafi læknarnir orðið við beiðni um að halda áfram störfum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að hér gæti skapast ófremdarástand liðist teymið í sundur, en það stendur á milli þess að senda þurfi sjúklinga í stórum stíl erlendis til lækninga með gríðarlegum tilkostnaði.

Þá má áætla að hver aðgerð yrði þrisvar sinnum dýrari, og er þá hvorki talinn ferðakostnaður né heldur óþægindi sjúklings og aðstandenda.

Ef starfsemin legðist niður er ekki sjálfgefið að hægt væri að ná slíku teymi saman að nýju, því allir læknarnir búa yfir mikilli sérþekkingu. Að baki eiga þeir margra ára grunnnám og langt sérnám auk þess sem nauðsynlegt er að afla sér þjálfunar og reynslu erlendis í allt að áratug til að uppfylla þær kröfur sem starfið krefst.

- shá / shá síðu 12



> **En þeir ætla að leggja okkur áfram lið í þessum hremmingum sem við erum að fara í gegnum þessa dagana.**
>
> *Bjarni Torfason yfirlæknir á LSH*




## SPURNING DAGSINS



Magnea, þýðir eitthvað að kenna fólki að þýða?

**„Það þýðir ekki annað en að reyna því án þýðenda væri tilveran alveg þýðingarlaus.“**

Magnea J. Matthíasdóttir þýðandi er formaður Bandalags þýðenda og túlka sem stóð fyrir dagskrá í Háskóla Íslands í gær. Þar var meðal annars reynt að svara þeirri spurningu hvort hægt sé að kenna þýðingar.

Iðnaðarráðherra segir Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, stefna ótrautt að byggingu álvers:

# Segir mikinn stuðning við álver í Helguvík

**ALÞINGI** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir það skýran vilja allra hlutaðeigandi að álver Norðuráls í Helguvík taki sem fyrst til starfa.

Þetta kemur fram í svari ráðherra við fyrirspurn Oddnýjar G. Harðardóttur alþingismanns um álversframkvæmdir í Helguvík.

Þar segir að iðnaðarráðherra hafi á undanförnum mánuðum fundað með flestum þeim aðilum sem tengjast verkefninu, þar á meðal fulltrúum orkufyrirtækjanna, og að ráðherra ætli að beita sér fyrir framgangi verkefnisins.

„Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við hefur iðnaðarráðherra lýst mjög skýrt yfir stuðningi við byggingu álvers í Helguvík og hafa stjórnarflokkarnir talað einni röddu í því máli. Er þar um grundvallarbreytingu að ræða frá því sem var í tíð fyrri ríkisstjórnar,“ segir í svari ráðherra.

Ragnheiður segir Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, stefna ótrautt að byggingu álversins.

„Ríkisstjórnin mun styðja við þau áform af heilum hug og gera allt sem í hennar valdi stendur til að verkefnið geti orðið að veruleika,“ segir iðnaðarráðherra. - hg



**HELGUVÍK** Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, stefnir enn að byggingu álvers í Helguvík.



**FRAMTÍÐARFÓLKIÐ** „Heilbrigðisráðherra nældi fyrstu slaufuna í fulltrúa nemenda úr heilbrigðisvísindum frá HÍ, HR og HA,“ segir Sandra Sif Morthens, markaðsstjóri Krabbameinsfélagsins. „Þau eru framtíðin.“ FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Árveknisátakið Bleika slaufan með stærra sniði í ár en áður:

## Bjóða upp endurkomu Tvíhöfða

**SAMFÉLAGSMÁL Fyrsta Bleika slaufan, tákn Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini í konum, var afhent í gær í bleika herberginu í Hörpu. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra afhenti slaufuna sem í ár er hönnuð og smíðuð af ORR. En slaufan er ekki það eina sem Krabbameinsfélagið stendur fyrir í október.**

**„Þetta er í fjórtánda sinn sem herferðin er sett í gang,“ segir Sandra Sif Morthens, markaðsstjóri Krabbameinsfélagsins. „Okkur langaði að hafa nýjan vinkil á herferðinni í ár. Fagna lífinu og þeim sigrum sem hafa náðst.“ Því er nú staðið fyrir bleiku uppboði í bleika herberginu inni á vefsíðu átaksins. Fyrst verður endurkoma Tvíhöfðatvíeykisins, Jóns Gnarr og Sigurjóns Kjartanssonar, boðin upp þann 2. október og í kjölfarið hinir ýmsu hlutir og málefni. „Þetta er hvert öðru skemmtilegra,“ segir Sandra.** - nej

Dæmdur fyrir kynferðisbrot:

## Tvö og hálft ár fyrir barnaníð

**DÓMSMÁL** Rúmlega fimmtugur karlmaður, Helgi Már Barðason, var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þremur drengjum í Héraðsdómi Norðurlands eystri í síðustu viku.

Helgi Már var meðal annars dæmdur fyrir að hafa haft uppi kynferðislega tilburði og sært blygðunarsemi drengjanna í gegnum netið. Þá mælti hann sér mót með einum af drengjunum og braut alvarlega á honum með þeim afleiðingum að hann hefur átt erfitt uppdráttar síðan. - vg

Söfnunarátak fyrir Sýrland:

## Fjórar milljónir manna á flótta

**HJÁLPARSTARF** „Við viljum vekja athygli á ástandinu sem ríkir innan Sýrlands og hjá flóttamönnum þar,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins. Nú stendur yfir söfnun fyrir Sýrland, þar sem talið er að yfir fjórar milljónir séu á flótta.

Á vef og Facebook-síðu Rauða krossins má finna staðreyndir um ástandið. „Við viljum fá fólk til þess að sýna samstöðu með því að birta myndir af sér á Facebook og skrifa með hugleiðingar um ástandið.“ - nej

# MR-ingar segja ekki hægt að skera meira

Formenn foreldrafélags og skólanefndar Menntaskólans í Reykjavík deila á að framlög til skólans hafi lækkað síðustu ár. Rektor segir að hagræðing komi niður á starfi skólans. Fjárlagafrumvarp fyrir 2014 verður kynnt á Alþingi í dag.

**SKÓLAMÁL** Lengra verður ekki komist í niðurskurði til Menntaskólans í Reykjavík (MR) að sögn formanns skólanefndar skólans. MR fær lægst framlög allra framhaldsskóla á fjárlögum þessa árs þegar litið er á framlög á hvern nemanda, alls 599.000 krónur.

Það er hækkun frá árinu 2012, en inni í tölunum fyrir 2013 eru framlög, alls um 54 þúsund á nemanda, sem koma þar inn í fyrsta sinn og eru ætlaðir til viðhalds byggingа.



**BORGAR ÞÓR EINARSSON**

Árin frá 2009 fram til 2012 lækkaði framlag ríkisins á hvern nemanda MR um 4,3% á meðan langflestir framhaldsskólar fengu hækkun á framlögum, um 5% að miðgildi. Nýtt fjárlagafrumvarp verður kynnt síðdegis og þá kemur í ljós hvernig málum verður komið fyrir næsta ár.

Magnús Gottfreðsson, formaður Foreldrafélags MR, segir að foreldrar furði sig á ástandinu. Í skólanum fari fram dýr kennsla, til dæmis í raungreinum, sem ætti að leiða til aukinna framlaga. Þá hafi fornmáladeild skólans sérstöðu sem sú eina á landinu þótt hún sé mögulega ekki rekstrarlega hagkvæm. „Það er greinilega ekki tekið tillit til þessara þátta heldur þvert á móti saumað enn frekar að skólanum án þess að það liggi fyrir sannfærandi málefnalegar skýringar á því.“

Borgar Þór Einarsson, formaður skólanefndar MR, segir mismunun felast í því að skólinn fái lægri framlög en aðrir skólar. „Mér finnst stjórnendur skólans hafa unnið þrekvirki í að viðhalda þeim gæðum sem einkennt hafa skólastarfið, en það verður ekki gengið lengra í þessu og það er lágmarkskrafa að Menntaskólinn í Reykjavík og nemendur hans sitji við sama borð og aðrir.“

Borgar segir skólanefndina hafa kynnt stjórnvöldum stöðuna og vonast eftir úrbótum. „Því verður með engum rökum haldið fram að þeim fjármunum sem ríkið setur í MR sé verr varið en þeim fjármunum sem nýttir eru til að mennta aðra framhaldsskólanema.“

Yngvi Pétursson, rektor MR, segir í samtali við Fréttablaðið að núverandi staða skólans sé afleit. „Þær hagræðingaraðgerðir sem við höfum þurft að grípa til hafa bitnað á allri starfsemi skólans. Við höfum reynt að verja kennsluna eins og hægt er, þannig að þetta hefur fyrst og fremst bitnað á þjónustunni. Til dæmis er nú orðið mjög erfitt að veita stoðþjónustuna fyrir nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða.“ thorgils@frettabladid.is



**EKKI VERÐI SKORIÐ MEIRA NIÐUR** Formenn foreldrafélags og skólanefndar MR, ásamt rektor, deila á niðurskurð í framlögum til skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Sílækkandi framlög til MR

**Menntaskólinn í Reykjavík fær lægsta fjárframlag allra framhaldsskóla þegar litið er til upphæðar á hvern nemanda. Framhaldsskólinn á Laugum fær hæst framlag.**

| Fjárframlög á nemanda (þús. kr.): | 2009 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Menntaskólinn í Reykjavík** | **576** | **551** | **545*** |
| Verzlunarskóli Íslands | 623 | 638 | 660 |
| **Menntaskólinn á Akureyri** | **670** | **690** | **713** |
| **Verkmenntaskóli Austurlands** | **1.134** | **1.293** | **1.322** |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 1.236 | 1.484 | 1.574 |

*Heildarframlag til MR árið 2013 nam 599.000 á hvern nemanda, en það ár kemur inn framlag vegna húsnæðiskostnaðar, sem nemur 54.000 krónum á nemanda.




Maður dæmdur í fangelsi eftir að hafa ráðist á karlmann í umferðinni:

# Þeytti bílflautu og var rotaður

**DÓMSMÁL** Tuttugu og fjögurra ára gamall karlmaður var dæmdur í eins og hálfs árs óskilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Maðurinn var sakfelldur fyrir að ráðast á annan mann í umferðinni nærri Olís í Norðlingaholti með þeim afleiðingum að sá féll í götuna og missti meðvitund.

Mennirnir voru að aka frá bifreiðastæði við Olís með fyrirhugaða akstursstefnu austur Norðlingabraut þegar brotaþoli flautaði „létt“ á hann eins og hann lýsti fyrir dómi. Úr varð að sá dæmdi fór út úr bílnum, þar sem fyrir voru kærasta hans og lítið barn, gekk að bifreið mannsins og fór að ýta eða pota í hann í gegnum rúðuna.

Fórnarlambið fór þá út úr bílnum og rifust þeir nokkuð áður en árásarmaðurinn sló síma úr höndum hans og gekk í burtu. Elti brotaþolinn hann þá að bílnum og sló þar í spegil bifreiðarinnar. Vitni lýsa því að þá hafi einhver átök átt sér stað, sem enduðu með því að brotaþolinn féll í götuna og rotaðist. Við það flýði hinn dæmdi og hringdi sjálfur í lögreglu skammt frá.

Í niðurstöðu dómsins segir svo: „Má telja mildi að ekki hafi verr farið, en brotaþoli féll á hnakka í malbikið og rotaðist. Í stað þess að huga að brotaþola og tryggja öndun hjá honum fór ákærði þegar á brott og yfirgaf brotaþola. Var framferði ákærða þennan dag í alla staði ámælisvert.“ - vg




**OLÍS** Árásin átti sér stað skammt frá bensínstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# iPhone 5 s hjá Nova!

Ekki er allt gull sem hringir

2.000 kr. notkun í 12 mánuði fylgir

Hvítur/svartur iPhone 5s 16GB

**159.990 kr.** stgr.

**9.690 kr.** / 18 mán.




Gull iPhone 5s
Takmarkað magn
í Nova Lágmúla!

2.000 kr. notkun í 12 mánuði fylgir

Gull iPhone 5s 16GB

**179.990 kr.** stgr.

**10.990 kr.** / 18 mán.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

**Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri**
**Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter**

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort. Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og af umframnotkun í Súper Nova, áskrift og frelsi.

## SVONA ERUM VIÐ



**700** **Íslendingar rúmlega látast árlega af völdum hjarta- og æðasjúkdóma**

**og 50 til 70 börn fæðast árlega með hjartagalla.**

Hjartadeild Landspítala framkvæmdi um 200 aðgerðir í hverjum mánuði árið um kring.

Sveitarfélög í uppsveitum Árnessýslu krefjast þess að þau komi að ákvörðun um Reykjavíkurflugvöll:

# Skipulagsmál ekki einkamál Reykvíkinga

**SVEITARSTJÓRNIR** Skipulagsmál höfuðborgar Íslands eru ekki einkamál íbúa Reykjavíkur eða kjörinna sveitarstjórnarmanna borgarinnar, heldur þjóðarinnar allrar,“ segir í bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar sem fulltrúar annarra sveitarfélaga í skipulagsnefnd uppsveita Árnessýslu taka heils hugar undir.

Í bókun sveitarstjórnarinnar er lýst óánægju með þau áform Reykjavíkurborgar að flugvöllur hverfi úr Vatnsmýri. Sem höfuðborg hafi Reykjavík miklar skyldur gagnvart landsbyggðinni. Í borginni hafi átt sér stað mikil uppbygging „á þjóðargrundvelli“, svo sem heilbrigðisþjónusta, þar sem nýtt hafi verið fjármagn allrar þjóðarinnar.

„Rétt er að benda á að fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa tryggan aðgang að öðrum skipulagsákvörðunum á landsvísu, svo sem miðhálendi Íslands, þó það svæði falli ekki innan stjórnsýslumarka Reykjavíkurborgar. Það er því skýlaus krafa sveitarstjórnar Bláskógabyggðar að tekið verði tillit til hagsmuna og sjónarmiða annarra sveitarfélaga þegar um er að ræða slík grundvallarmál í þjónustu við landsmenn alla,“ segir í bókunninni sem fulltrúar Grímsness- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps hafa einnig gert að sinni. - gar



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Borgin hefur aðkomu að skipulagi miðhálendisins og því eiga önnur sveitarfélög að koma að skipulagi borgarinnar segja sveitarfélög í Árnessýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Matarsmekkur ræður ekki:

## Læknisvottorð fyrir sérþarfir

**SAMFÉLAGSMÁL** Þau börn sem þola ekki þann mat sem í boði er í skólum þurfa að reiða fram læknisvottorð til þess að fá sérfæði.

Þetta kemur fram á vefsíðu fyrirtækisins Skólamatur, sem sér um matseld í yfir tuttugu grunn- og leikskólum.

Þar kemur fram að ástæðan sé sú „að við þurfum sönnun fyrir því að um læknisfræðilegar orsakir sé að ræða en ekki matarsmekk eða persónulegt mat á einstökum matartegundum.“ - nej



**AMANDA KNOX** Var bandarísk námsmær á Ítalíu þegar grunur féll á hana og ítalskan kærasta hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöld hafin á Ítalíu:

## Amanda Knox mætir ekki

**ÍTALÍA, AP** Áfrýjunarréttarhöld hófust í gær í máli Amöndu Knox og fyrrverandi kærasta hennar, sem áður höfðu verið sýknuð af ákæru um morð.

Amanda var þó víðs fjarri, en hún hélt heim til Bandaríkjanna strax eftir að fyrri áfrýjunarréttarhöldum lauk með sýknu árið 2011, en áður hafði hún verið dæmd sek í undirrétti og úrskurðuð í 26 ára fangelsi.

Lögmenn hennar vísa því á bug að ástæða þess að hún hafi ákveðið að mæta ekki til réttarhaldanna sé að hún sé sek. - gb

# Reykjavík þjónusti einnig hælisleitendur

Innaríkisráðuneytið á nú í samningum við Reykjavík um að taka að sér þjónustu við hælisleitendur. Reykjanesbær mun áfram sinna allt að 50 hælisleitendum en Borgarbyggð og Kópavogur hafa einnig áhuga á að koma að málaflokknum.

**HÆLISLEITENDUR** Innanríkisráðuneytið á nú í viðræðum við forráðamenn Reykjanesbæjar og Reykjavíkurborgar um að sveitarfélögin skipti með sér þjónustu við hælisleitendur. Þetta staðfestir Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra, en Borgarbyggð og Kópavogsbær hafa einnig lýst yfir áhuga á að sinna slíkum málum.

Reykjanesbær hefur síðustu misseri séð að langmestu leyti um þjónustu við hælisleitendur en í vor lýstu forsvarsmenn bæjarins því yfir að ekki væri svigrúm til að taka við fleiri hælisleitendum. Mikil aukning hefur verið á umsvifum vegna þessara mála. Þannig voru hátt í 190 hælisleitendur hér á landi síðasta vor, en síðsumars voru þeir um 150 talsins.

„Við byrjum á því að miða við að hvert sveitarfélag um sig sinni allt að 50 hælisleitendum,“ segir Hanna Birna og bætir við að Reykjanesbær hafi sinnt þessum málum vel síðustu ár.

„Þau búa yfir mikilli reynslu og vilja sinna málunum af metnaði, en töldu sig ekki geta ráðið við þá miklu fjölgun sem orðið hefur. Við teljum því farsælt að Reykjavík bætist við og verði ásamt Reykjanesbæ þungamiðjan í verkefninu.“

Innanríkisráðuneytið hefur að undanförnu unnið að tillögum um umbætur í málum hælisleitenda hér á landi með það fyrir augum að stytta málsmeðferð. Dæmi eru um að fólk hafi þurft að bíða í vel á annað ár eftir að fá úrlausn sinna mála.



**SKIPTA MEÐ SÉR FJÖLDANUM** Reykjavík og Reykjanesbær munu hvort um sig sinna allt að 50 hælisleitendum. Borgarbyggð og Kópavogur hafa einnig áhuga á að taka þátt. Nýtt frumvarp í haust á að stytta málsmeðferðartíma hælisleitenda. Þessi mynd var tekin þegar hópi hælisleitenda frá Króatíu var vísað úr landi í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hanna Birna segir að málinu miði vel áfram og hún búist við að flytja frumvarp á haustþingi þar sem kynntar verða margvíslegar breytingar. Meðal annars verði leitast við að hraða málsmeðferð.

„Það gerum við meðal annars með því að innleiða svokallaða 48 klukkustunda reglu sem við sækjum til Noregs. Þannig fái hælisleitendur svar innan 48 stunda um það hvort þeir uppfylli skilyrði sem hælisleitendur eða ekki.“

Hanna Birna segir að meðal annars verði unnið út frá svokölluðum „öruggum lista“ frá Noregi og Sameinuðu þjóðunum þar sem talin eru upp ákveðin lönd sem búa þegnum sínum þannig skilyrði að ekki sé ástæða til þess að þeir njóti þeirra réttinda sem hælisleitendur hafa.

Hún segir að við það ætti að vera búið að taka mesta kúfinn af þeim fjölda sem er til meðferðar hverju sinni.

„Við náum þá að þjónusta þá sem þurfa nauðsynlega á þjónustunni að halda og getum gefið skýrari og skjótari svör. Þá verður hægt að vinna í því að fækka í þeim hópi sem bíður afgreiðslu.

thorgils@frettabladid.is



**Við teljum því farsælt að Reykjavík bætist við og verði ásamt Reykjanesbæ þungamiðjan í verkefninu.**

*Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra*



**TÚNGATA 6** Fyrrverandi höfuðstöðvar Gaums. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umdeilt félag í þrot:

## Gaumur orðinn gjaldþrota

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið Gaumur hefur verið úrskurðað gjaldþrota. Félagið var höfuðfyrirtæki Baugsfjölskyldunnar svokölluðu, og átti meðal annars Haga. Samkvæmt upplýsingum í Lögbirtingablaðinu var félagið úrskurðað gjaldþrota þann 18. september síðastliðinn.

Fréttastofa RÚV greindi fyrst frá málinu en þar kom fram að samkvæmt heimildum fréttastofunnar væru skuldir Gaums við lánastofnanir á bilinu fimm til sex milljarðar króna. - vg

Línurnar skýrast í Noregi:

## Solberg og Siv ætla í samstarf

**NOREGUR** Hægri flokkurinn, með Ernu Solberg í fararbroddi, ætlar í ríkisstjórnarviðræður með Framfaraflokknum. Formaður flokksins er Siv Jensen.

Solberg segist ekki hafa gefið þann draum upp á bátinn að mynda ríkisstjórn með öllum borgaralegu flokkunum sem eru fjórir talsins. Hinir flokkarnir tveir, Venstre og Kristilegi þjóðarflokkurinn, segjast ekki vilja fara í samstarf með Framfaraflokknum vegna stefnu hans í málum innflytjenda. - nej


Heilsu torgið

Blómavali Skútuvogi




HEILSURÁÐGJÖF

Benedikta Jóndóttir sölustjóri og heilsuráðgjafi Heilsutorgsins gefur góð ráð varðandi vítamín og bætiefni alla virka daga milli 11:00 og 18:00.

blómaval


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**RÓLEGHEIT** Það verður hægur vindur á landinu næstu daga. Yfirleitt þurrt norðvestanlands og styttir upp suðvestantil. Heldur vætusamt austan til áfram.




**Á morgun**
3-8 m/s.




**Fimmtudagur**
8-15 m/s NV-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Billund | 14° | Gautaborg | 13° | London | 18° | Orlando | 30° | San Francisco | 19° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 16° | Kaupmannahöfn | 13° | Mallorca | 29° | Ósló | 13° | Stokkhólmur | 10° |
| Berlín | 13° | Friedrichshafen | 20° | Las Palmas | 27° | New York | 25° | París | 21° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Í dag skilum við 10 milljarða arði til samfélagsins

**Traust fjárhagsstaða**




Hlutfall lausafjár af innlánum er langt yfir lágmarkskröfum eftirlitsstofnana sem er 20%.

**Lægri rekstrarkostnaður**

7,9%

Raunlækkun rekstrarkostnaðar á fyrri árshelmingi 2013 var 7,9% sem styrkir samkeppnisstöðu bankans enn frekar.

**Eiginfjárhlutfall umfram kröfur**




Eiginfjárhlutfall bankans er langt umfram kröfur eftirlitsstofnana sem nú er 19,5%.



*Það er mikilvægur hluti af stefnu Landsbankans að skapa samfélagi og eigendum ávinning af starfsemi sinni.*

***Það er stefna Landsbankans*** *að vera til fyrirmyndar á íslenskum fjármálamarkaði. Með því að ávinna okkur traust og ánægju viðskiptavina, stunda hagkvæman en arðsaman rekstur, vera hreyfiafl í íslensku samfélagi og byggja á góðu siðferði náum við því markmiði.*

**Í dag greiðir Landsbankinn hf.** arð til eigenda sinna í fyrsta sinn. Rekstur Landsbankans stendur traustum fótum og ber vitni hagkvæmum rekstri og hóflegri áhættu. Þetta er sérlega ánægjulegt enda er það stefna okkar að með sterkri fjárhagsstöðu geti Landsbankinn skilað samfélaginu ávinningi af starfseminni með þessum hætti.

Hagnaður bankans hefur lagst við eigið fé undanfarin ár. Eigið fé er nú orðið mjög hátt, eða tæpir 230 milljarðar króna sem er langt umfram lágmarkskröfur. Jafnframt er lausafjárstaða bankans sterk og mætir hann vel kröfum eftirlitsaðila í því sambandi. Bankinn hefur því verulegt svigrúm til arðgreiðslna.

Arðgreiðslan er í samræmi við samþykkt aðalfundar Landsbankans hf. 17. apríl og nemur 39% af hagnaði síðasta árs. Það er okkur mikil ánægja að tilkynna að arður er rétt tæplega 10 milljarðar króna og útborgunardagur er í dag, 1. október.

**Ráðstöfun hagnaðar**




Arðgreiðslan í dag nemur 39% af hagnaði bankans á síðasta ári. Afgangurinn, eða 61%, bætist við eigið fé bankans og styrkir því enn fjárhagslega stöðu Landsbankans.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Frá hvaða landi eru hjónin Haile Kebede og Tsgie Yirga, sem kynntust hér á landi?
**2.** Hve margir eru nú á biðlista eftir hjúkrunarrými á landinu?
**3.** Hvert verður farið með Ólympíukyndilinn þann 7. nóvember næstkomandi?

**SVÖR:**
**1.** Frá Eþíópíu. **2.** 279. **3.** Út í geiminn.

Tyrkir kynna tilslakanir gagnvart Kúrdum, sem áratugum saman hafa barist fyrir auknum réttindum:

# Kúrdar ósáttir við tilslakanir Erdogans

**TYRKLAND, AP** Forsætisráðherra Tyrklands kynnti í gær tilslakanir gagnvart Kúrdum, sem fela meðal annars í sér að tungumáli Kúrda verður gert hærra undir höfði en hingað til.

Kúrdar eru hins vegar ekki sáttir og telja allt of skammt gengið. Til dæmis verður börnum Kúrda ekki frekar en hingað til leyft að stunda skólanám á móðurmáli sínu, en þau hafa þó fengið heimild til að sækja einkaskóla þar sem leyfilegt verður að kenna sumar námsgreinar á kúrdísku.

Mánuðum saman hefur verið beðið eftir því að Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra kynnti áform sín í þessum efnum, enda höfðu Kúrdar í vor fallist á vopnahlé í trausti þess að verulegar umbætur yrðu gerðar á stöðu þeirra í Tyrklandi.

Erdogan kynnti þessi áform í gær og sagði þær mikilvægar lýðræðisumbætur, sem sýni að Tyrkland sé óðum að lýðræðisvæðast undir stjórn hans og flokks hans, Réttlætis- og þróunarflokksins.

„Þetta er ekki lýðræðispakki heldur kosningapakki Réttlætis- og þróunarflokksins,“ segir Gultan Kisanak, annar tveggja leiðtoga flokks Kúrda á tyrkneska þinginu.

Réttindabarátta Kúrda í Tyrklandi, sem ekki síst snýst um stöðu tungumáls þeirra, hefur á síðustu áratugum kostað tugi þúsunda lífið. - gb



**RECEP TAYYIP ERDOGAN** Forsætisráðherra Tyrklands kynnti lýðræðisumbætur á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


## Fyrirlestur um sjálfsvíg

Sr. Svavar Stefánsson fjallar um sjálfsvíg á fyrirlestri hjá Nýrri dögun, samtökum um sorg og sorgarviðbrögð, 3. október n.k. í safnaðarheimili Háteigskirkju.
Fyrirlesturinn hefst kl. 20:00
Í kjölfarið fer af stað stuðningshópur fyrir aðstandendur sem misst hafa í sjálfsvígi.

Sjá vetrardagskrá Nýrrar dögunar á www.sorg.is

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

## TILBOÐ ÓSKAST Í:

**- fasteignina að Nýbýlavegi 10, Kópavogi**
**- rekstur Bílasprautunar og réttinga Auðuns**
**- tæki og búnað Bílasprautunar og réttinga Auðuns**

Nánari upplýsingar veita Ólafur Örn Svansson hrl. eða Halldór Reynir Halldórson hdl., Forum lögmönnum, Aðalstræti 6, Reykjavík, síma 562 3939.

**Opið hús verður haldið að Nýbýlavegi 10 þriðjudaginn 1. október n.k. milli kl. 16 og 17.** Tilboð þurfa að hafa borist til skrifstofu Forum lögmanna eigi síðar en **kl. 16 fimmtudaginn 3. október n.k.**

Dansaðu þig **í form!**



**Fjölbreyttir tímar** þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor.

- **Hefst 8. október**
- **Þri. og fim. kl. 16:30**
- **Þjálfari: Hjördís Zebitz**
- **Verð kr. 13.900.-**

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is




**HÆKKUN PERSÓNUAFSLÁTTAR** Starfsgreinasambandið telur að fiskvinnslan sé ein þeirra starfsgreina sem hafi bolmagn til að hækka laun. Sambandið leggur líka áherslu á að stjórnvöld hækki persónuafslátt.

# Vilja meiri kaupmátt og minni skattbyrði

Áherslur verkalýðshreyfingarinnar eru smátt og smátt að skýrast. Samstaða er um skammtímasamning sem feli í sér kaupmáttaraukningu. Starfsgreinasambandið vill hækkun persónuafsláttar. Félagmenn í VR leggja áherslu á minni skattheimtu.

**VINNUMARKAÐUR** Alger samstaða virðist vera innan verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins um að kjarasamningar verði gerðir til skamms tíma og er rætt um sex til tólf mánaða samning. Menn leggja líka mikla áherslu á stöðugleika sem forsendu aukins kaupmáttar. Talsmenn Samtaka atvinnulífsins hafa lýst þeirri skoðun sinni að lítið svigrúm sé til launahækkana, svigrúmið sé hálft til tvö prósent.



**BJÖRN SNÆBJÖRNSSON**



**ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR**

Björn Snæbjörnsson, formaður samninganefndar Starfsgreinasambandsins, telur að svigrúmið sé meira. Hann telur til að mynda að útflutningsgreinarnar, fiskvinnslan og ferðaþjónustan hafi bolmagn til meiri hækkana. Björn segir að ein krafa sé skýr og það sé að hækka lægstu laun.

Gagnvart ríkisvaldinu geri Starfsgreinasambandið þá kröfu að persónuafsláttur verði hækkaður. „Við höfum ekki sett fram neina tölu í því sambandi en það munar um hvern þúsundkallinn. Þetta getur verið blanda af launahækkunum og skattabreytingum til að auka kaupmáttinn,“ segir Björn og bætir við að krafan um aukinn kaupmátt sé númer eitt, tvö og þrjú.

Þá segir hann að hið opinbera verði að koma á betra húsnæðis- og leigukerfi á félaglegu grunni.

„Hálfs til tveggja prósenta launahækkun kemur ekki til greina nema eitthvað fleira komi til,“ segir Ólafía Rafnsdóttir, formaður VR. Hún segir að samkvæmt kjarakönnun sem var gerð meðal félagsmanna í VR hafi komið fram krafan um stöðugleika sem forsendu kjarasamninga. Önnur atriði sem eru félagsmönnum í VR ofarlega í huga eru minni skattheimta og aðgerðir til að draga úr skuldavanda heimilanna. Þetta ásamt afnámi verðtryggingar á lánum og virðisaukaskatts á matvælum töldu félagsmenn í VR mikilvægar áherslur í gerð kjarasamninga.

Ólafía segir að ríkisvaldið, sveitarfélögin, verkalýðshreyfingin og Samtök atvinnulífsins verði að koma að samningaborðinu eigi að takast að semja um aukinn kaupmátt. „Við höfum séð launahækkanir fuðra upp á verðbólgubálinu og vitum að samstaða er eina færa leiðin út úr vítahring verðbólgu.

johanna@frettabladid.is



**VILJA AUKINN KAUPMÁTT** Verkalýðshreyfingin vill að komandi kjarasamningur skili auknum kaupmætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Semja fyrir um 80 þúsund launþega

Starfsgreinasambandið er fjölmennasta landssamband verkafólks á Íslandi, en félagar í sambandinu eru rúmlega 52 þúsund. Fullgildir félagsmenn VR eru hátt í þrjátíu þúsund talsins og starfa við meira en eitt hundrað starfsgreinar.

HAPPDRÆTTI das

DREGIÐ Á FIMMTUDAG

# 99

## MILLJÓNIR Í OKTÓBER




FULLT SKOTT AF PENINGUM

5 milljónir króna í skottinu

á tvöfaldan miða eða 10 milljónir í peningum.

## VW BJALLA OG 5 MILLJÓNIR Í SKOTTINU

dregin út 10. október



## MILLJÓNAVINNINGAR

4x4 milljónir í aðalvinninga

Alls verða dregnar út 99 milljónir í október.

Miðaverð 1.300 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is eða í síma 561 7757.

Leggjum okkar af mörkum og búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. Happdrætti DAS hefur tekið þátt í því verkefni í 59 ár.

dregið í hverri viku

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 65767 09/13

Fangi fær tíu mánaða dóm:

# Dæmdur fyrir árás á þrjá verði

**DÓMSMÁL** Baldur Kolbeinsson var dæmdur í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir helgi fyrir að hafa ráðist á þrjá fangaverði á Litla-Hrauni fyrr á árinu.

Hann veittist með ofbeldi að fangavörðunum og sló meðal annars ítrekað í höfuð eins þeirra svo gleraugu hans fóru af. Baldur afplánar þegar dóm fyrir fjölmörg afbrot. Honum er einnig gert að greiða allan málskostnað vegna dómsmálsins. - vg

Mátti ekki afhenda upptöku af meintu harðræði lögreglu öðrum en lögreglu:

# Óheimilt að afhenda upptöku

**PERSÓNUVERND** Maður sem taldi sig hafa verið beittan harðræði við handtöku á veitingastað í Kringlunni mátti ekki fá upptöku af handtökunni úr eftirlitsmyndavél, samkvæmt úrskurði Persónuverndar.

Það var lögreglumaðurinn sem sá um handtökuna sem kvartaði vegna málsins. Maðurinn sem var handtekinn fékk sér lögfræðing vegna málsins og sá fékk upptökuna af meinta harðræðinu afhenta.

Lögreglumaðurinn taldi að þegar lögreglan óskaði eftir sömu upptöku hafi hún ekki fengið hana afhenta. Því neitar forsvarsmaður veitingastaðarins og segir í úrskurði Persónuverndar að framkvæmdastjóri hans haldi því fram að hann hafi afhent lögreglu upptökurnar jafnskjótt og þeirra var óskað. Hann gaf jafnframt skýrslu um málið.

Í niðurstöðu Persónuverndar segir að framkvæmdastjóra veitingastaðarins hafi verið óheimilt að afhenda lögmanninum upptökuna, honum hafi einungis verið heimilt að afhenda lögreglu hana. - vg



**KRINGLAN** Atvikið átti sér stað á veitingastaðnum Portinu í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landlæknir og Mosfellsbær:

# Nýr rammi um heilsueflingu

**HEILBRIGÐISMÁL** Embætti landlæknis og heilsuklasinn Heilsuvin skrifa á morgun undir samstarfssamning um „Heilsueflandi samfélag“ í Mosfellsbæ.

„Heilsueflandi samfélag miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heildræna heilsueflingu,“ segir á vef Landlæknis. Verkefnið eigi að ná til allra aldurshópa í gegnum skóla, vinnustaði og starf eldri borgara og stuðla að góðri heilsu- og auknum lífsgæðum. - gar

Hagstofan reiknaði kostnað:

# Neminn kostar 1,5 milljónir

**MENNTUN** Hagstofa Íslands hefur reiknað út meðalrekstrarkostnað á hvern nemanda í öllum grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum og er niðurstaðan sú að meðalverð nemanda er rétt tæplega ein og hálf milljón króna.

Útreikningur Hagstofunnar er byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður.

Niðurstöður útreikningsins eru því þær að áætlaður rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum sé 1.466.718 krónur í september 2013. - vg

Mikil söluaukning á smjöri:

# Sala á smjöri eykst til muna

**NEYTENDUR** Frá ársbyrjun hefur orðið veruleg söluaukning á rjóma, ostum, drykkjarmjólk og sprenging í smjörsölu, samkvæmt tilkynningu frá Mjólkursamsölunni.

Fyrirtækið býst við áframhaldandi þróun næstu vikur og fyrirtæki í mjólkuriðnaði hafa ákveðið að kaupa alla framleiðslu bænda fullu afurðastöðvaverði frá októberbyrjun til áramóta. - vg

# Veikir og slasaðir gætu þurft að bíða eftir sjúkraflutningi

Fái Heilbrigðisstofnun Suðurlands ekki meira fjármagn þarf að fækka sjúkraflutningamönnum um fjóra. Þá yrði einn sjúkrabíll til taks á kvöldin og á nóttunni í stað tveggja. Þriðjungur útkalla er á þeim tíma sólarhrings.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við óttumst að það komi í okkar hlut að velja og ákveða í hvaða bráðaútköll verður farið á kvöldin og nóttunni,“ segir Ármann Höskuldsson, yfirmaður sjúkraflutninga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Eins og komið hefur fram í fréttum vantar stofnunina 30 milljónir króna til að halda úti óbreyttum sjúkraflutningum en í dag eru tvær áhafnir sjúkrabíla mannaðar allan sólarhringinn. HSu ræður yfir fjórum sjúkrabílum og sextán starfa við sjúkraflutninga. Ef ekki fæst meira fjármagn verður að fækka sjúkraflutningamönnum um fjóra um áramótin.



**ÁRMANN HÖSKULDSSON**

Ármann segir að það þýði breytingu á vaktakerfi. „Við verðum með eina sjúkrabílaáhöfn á vakt frá klukkan tíu á kvöldin og til níu morguninn eftir. Ef sjúkraflutningamennirnir verða í útkalli og upp koma bráð tilfelli eða alvarleg slys verður enginn til taks. Þetta er mjög bagalegt því þrjátíu prósent allra bráðatilfella koma upp á þessum tíma sólarhrings,“ segir Ármann og bætir við að sjúkraflutningamenn séu verulega áhyggjufullir.

Árnessýsla er átta þúsund ferkílómetrar. Íbúar eru um fimmtán þúsund og þar eru tíu þéttbýlisstaðir. Auk þess eru um átta þúsund sumarhús í sýslunni. Meðalvegalengd í útkalli er um 85 kílómetrar.

Ármann segir að sjúkraflutningamenn hjá FSu séu jafnmargir og þeir voru 1998. En frá þeim tíma hafi útköllum fjölgað um 100 prósent. „Við höfum náð að sinna þessu þokkalega með þessari mönnun en við erum mjög óttaslegnir ef kemur til þess að það verði fækkað í hópnum,“ segir hann.

johanna@frettabaldid.is

## ÚTKÖLL SJÚKRAFLUTNINGA HSU Á SELFOSSI




**ÓTTAST FÆKKUN** Ármann Höskuldsson segir að sjúkraflutningamenn í Árnessýslu hafi verulegar áhyggjur af fækkun sjúkraflutningamanna.

### ➜ Hátt í tvö þúsund útköll á ári

Sjúkraflutningamenn hjá HSu á Selfossi fóru í 1.890 útköll á síðasta ári. Af þeim voru 630 útköll þar sem fólk var lífshættulega veikt eða slasað. Í rúmlega 900 útköllum var talið að um bráð veikindi væri að ræða eða slys þar sem fólk var ekki talið í lífshættu. Í hvert útkall fóru að meðaltali tvær klukkustundir og tuttugu mínútur. Sjúkraflutningamenn á Selfossi hafa sinnt rúmlega 1.400 útköllum það sem af er þessu ári sem er líkur fjöldi og á sama tíma og fyrir ári.




## KYNBUNDINN LAUNAMUNUR HJÁ REYKJAVÍKURBORG




**MINNKANDI MUNUR** Þrátt fyrir að launamunur kynjanna sé enn til staðar hefur hann minnkað síðan árið 2009. Á myndinni til vinstri má sjá hversu mikið launamunurinn hefur minnkað í krónum talið, annars vegar árið 2009 og hins vegar árið 2012.

Leiðréttur launamunur á heildarlaunum 5,8%:

# Borgarstjórn gegn launamun kynjanna

**REYKJAVÍKURBORG** Tillögur Jóns Gnarr borgarstjóra um aðgerðir í ellefu liðum til þess að útrýma kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg verða ræddar á fundi borgarstjórnar í dag. Í október 2012 var leiðréttur launamunur á heildarlaunum kynjanna 5,8 prósent.

Aðgerðahópur um kynbundinn launamun sem borgarstjóri skipaði í apríl 2012 skilaði skýrslu í byrjun september og eru tillögur borgarstjóra byggðar á henni.

Samkvæmt tillögunum verður núverandi fyrirkomulag fastra yfirvinnusamninga endurskoðað en launamunurinn birtist helst í yfirvinnu- og akstursgreiðslum. Einnig stendur til að innleiða kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi, aðgengi að upplýsingum um laun og þróun launa stórbætt og stjórnendur koma til með að fá fræðslu með reglubundnum hætti.

Launamunur hjá Reykjavíkurborg hefur minnkað síðan 2009. Í krónum talið úr 48.654 krónum í 35.944 krónur. - nej



**VW Tiguan** Track&Style
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 36.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.890.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**VW Polo** 1,4 Comfortl. AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.420.000,-**



**VW Polo** 1,2 TDi
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 16.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.390.000,-**



**VW Passat** Alltrack 4motion
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 33.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 6.190.000,-**



**Audi A4** Avant 2.0TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 37.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.650.000,-**



**MM Pajero** 3.5 Dakar
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 119.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.790.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 8.990.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 122.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.990.000,-**



**Audi A4** 2.0TDAvant
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 23.500 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 6.250.000,-**



Tilboð **1.690.000,-**

**Hyundai** Tucson 2700 4x4
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 128.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 1.890.000,-**



Tilboð **2.990.000,-**

**VW Touareg** R5 2,5 tdi
Árgerð 2004, dísil
Ekinn 136.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.490.000,-**



Tilboð **2.290.000,-**

**Honda Jazz** 1400 Comfort
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.650.000,-**



Tilboð **1.990.000,-**

**Subaru** Legacy Sport Wagon
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.590.000,-**



Tilboð **3.690.000,-**

**Toyota** Land Cruiser 120 GX
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 215.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.990.000,-**



Tilboð **1.490.000,-**

**Hyundai** i30 Classic
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 83.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.720.000,-**



Tilboð **1.790.000,-**

**Ford Explorer** sport track
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 139.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.490.000,-**



Tilboð **1.890.000,-**

**VW Touareg** 3,2 V6
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.490.000,-**

H HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

# Lögreglan á Skáni sögð skaða Svíþjóð

Uppljóstranir um skráningu sænsku lögreglunnar á rómafólki hafa valdið uppnámi meðal rómafólks í Svíþjóð. Lögreglustjórinn hefur sagt skráninguna ólöglega og dómsmálaráðherra beðist afsökunar fyrir hönd sænskra stjórnvalda.

**SVÍÞJÓÐ, AP** „Ef þetta er afbrotaskrá, þýðir það þá að allir einstaklingar af rómaþjóðinni séu afbrotamenn?“ spyr Marcello Demeter, 42 ára gamall Svíi, sem í síðustu viku komst að því að hann væri á skrá hjá lögreglunni. „Og barnabarnið mitt, að hvaða leyti er það afbrotamaður?“

Demeter er af rómaþjóðinni svonefndu, eða sígaunum eins og almennt tíðkaðist að nefna rómafólkið til skamms tíma.

Sænski blaðamaðurinn Niklas Orrenius upplýsti í sænska dagblaðinu Dagens nyheter í síðustu viku að lögreglan á Skáni í Suður-Svíþjóð hefði haldið leynilegar skrár yfir fimm þúsund einstaklinga af rómaþjóðinni sem búsettir eru í Svíþjóð. Á þessum skrám sé meðal annars að finna um þúsund börn.

„Það fyrsta sem mér datt í hug var Hitler og allt það sem gerst hefur í fortíðinni. Þetta er hræðilegt,“ segir Demeter.

Bengt Svenson, lögreglustjóri sænsku lögreglunnar, viðurkennir að skrár af þessu tagi séu ólöglegar í Svíþjóð. Dómsmálaráðherrann Beatrice Ask hefur beðist afsökunar fyrir hönd stjórnvalda og eru rannsóknir hafnar á því hvernig á skráningunni stendur.



**MARCELLO DEMETER** Er á skrá lögreglunnar á Skáni ásamt eiginkonu sinni, tveimur dætrum og að minnsta kosti þremur af barnabörnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þetta er skammarlegt fyrir Svíþjóð, því við höfum getið okkur orð erlendis fyrir að sinna félagslegu réttlæti af ástríðuhita og að við vinnum að jöfnum réttindum fólks,“ segir Hans Calderas, sænskur rithöfundur sem á uppruna sinn að rekja til rómafólks. „Þessir lögreglumenn hafa ekki bara valdið rómafólki skaða heldur allri Svíþjóð.“

Talið er að rómafólkið hafi komið til Evrópu frá Indlandi á fjórtándu öld. Til Svíþjóðar kom það frá Finnlandi og Rússlandi fyrir um það bil 500 árum. Nú búa um 15 til 20 þúsund manns af rómaþjóðinni í Svíþjóð og eru þá meðtaldir innflytjendur frá Júgóslavíu og austanverðri Evrópu sem komið hafa þangað á síðustu árum.

Rómafólk býr í flestum löndum Evrópu, flest í Rúmeníu, Búlgaríu og Ungverjalandi.

Það hefur mátt sæta miklum fordómum, mismunun og illri meðferð af ýmsu tagi. Meðal annars er talið að þýskir nasistar hafi myrt allt frá hálfri milljón til einnar og hálfrar milljónar þeirra í Helförinni ásamt gyðingum og fleiri minnihlutahópum.

gudsteinn@frettabladid.is







AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER ÓTRÚLEGT
ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ
SJÓVÁ
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-2529

# Þolinmæði skurðlækna á þrotum

Við lá að hjarta- og brjóstholsskurðlækningateymi Landspítalans liðaðist í sundur. Tveir af fimm læknum sögðu þá upp störfum en hafa síðan fallist á að starfa áfram. Bjarni Torfason yfirlæknir segir launakjör læknanna hér útiloka að fylla í skörð þeirra sem fara.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Tveir af fimm læknum úr hjarta- og brjóstholsskurðlækningateymi Landspítalans sögðu upp störfum í sumar vegna óánægju með starfsaðstöðu og kjör. Þeir hafa samþykkt að koma aftur til starfa í þeirri trú að aðbúnaður á spítalanum verði bættur og að tímar niðurskurðar séu að baki.



BJARNI TORFASON

Bjarni Torfason, yfirlæknir hjarta- og brjóstholsskurðlækninga, staðfestir að þessi staða hafi komið upp í sumar. „En þeir ætla að leggja okkur áfram lið í þeim hremmingum sem við förum í gegnum þessa dagana,“ segir Bjarni.

Ástæður þess að læknarnir töldu rétt að hverfa frá Landspítalanum eru margþættar, segir Bjarni. „Aðstaðan, heilsuspillandi húsnæðið sérstaklega, er afleit. Launin eru mjög lág miðað við það sem býðst annars staðar. Síðan hafa menn daufheyrst við því að endurnýja tækjakostinn. Þetta tæknivædda teymi sem hér um ræðir er svo algjörlega háð því að nýjasta tækni sé aðgengileg. Þetta gerir starfsemina erfiða og einnig að halda mönnum í vinnu.“

### Beðið eftir góðum fréttum

Spurður hvort raunveruleg hætta sé á því að teymið liðist í sundur svarar Bjarni að „eins og er“ hafi læknarnir orðið við beiðni um að halda áfram störfum. Teymið mun hins vegar ekki vera komið allt til starfa fyrr en í lok febrúar á næsta ári. Bjarni segir að það þýði einfaldlega að gríðarlegt álag verði á þeim læknum sem fyrir eru. „Þá ætti þessi hnútur að byrja að rakna upp, að því gefnu að í millitíðinni komi ekki slæmar fréttir sem breyta þessari stöðu. Menn hafa verið að bíða eftir góðum fréttum, og eru spenntir að heyra þær. Það er mjög brothætt ástand á Landspítalanum og það má ekkert bera út af. Það eru heldur engar töfralausnir til, eins og að atvinnulausir læknar frá Asíulöndum komi hér inn í sérfræðistöður. Ekki er heldur hægt að fá starfandi sérfræðinga t.d. frá Norðurlöndunum til að koma í afleysingar; menn koma ekki hingað fyrir einn þriðja af laununum sem þeir eru með heima hjá sér.“

### Ófremdarástand

„Við erum líka orðin langeyg eftir því að heyra eitthvað annað en að við séum að eyða peningum,“ segir Bjarni. „Við heyrum aldrei neitt jákvætt um það sem við erum að gera. Við heyrum aldrei neitt um það sem við erum að framleiða. Við framleiðum lífsgæðaár, það er okkar afurð. Í því felst bæði að bæta líðan og lengja líf fólks. Það er það sem okkar starf gengur út á,“ segir Bjarni sem bætir við að heilsuhagfræðin hafi verkfæri til að sýna fram á það svart á hvítu hvað græðist í krónum og aurum, ef það sé sá mælikvarði sem menn vilja nota. „Það eru gríðarlegar upphæðir í þessu fólgnar. En það er bara enginn sem talar okkar máli í þessu, og þar með máli sjúklinganna.

Hér vísar Bjarni til mælikvarða um hvert áunnið „lífsgæðaár“ (Quality adjusted life year – QUALY). Síðan 1986 hafa verið gerðar þúsundir hjartaskurðaðgerða á Landspítalanum, en þessi mælikvarði hefur verið notaður til að meta hvort reynist hagkvæmt að hefja meðferð. „En þessi aðferð til að meta árangur, og í tilfelli hjartaskurðlækningateymisins hleypur hann á milljörðum, er framandi fyrir fólk af því að henni er ekki haldið á lofti. Til þess eru menn of uppteknir af eyðslunni í heilbrigðiskerfinu en ekki framleiðslu lífsgæðaára,“ segir Bjarni. „Þeir sem koma að hjartaskurðlækningum á Íslandi eru ekki að sóa fé.“



**Í AÐGERÐ** Frá 1986 hafa verið framkvæmdar þúsundir hjartaskurðaðgerða á Íslandi. Árangurinn er með því besta sem þekkist í heiminum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

### Líf og dauði

Spurður hvort biðlistar á Landspítalanum hafi lengst þar sem skurðteymið er bara á hálfum afköstum segir hann svo vera og langur biðlisti sé líka eftir hjartaþræðingu; sjúkdómsgreiningunni. „Í þeim hópi er fjöldi manns sem þarf eflaust að fara í hjartaskurðaðgerð að lokinni sjúkdómsgreiningu. Ákveðin prósenta þess hóps á engan möguleika á að ná heilsu öðruvísi en í gegnum opna hjartaskurðaðgerð. Svipaða sögu er einnig að segja um biðlista eftir aðgerðum þar sem ekki er um lífið að tefla, þeir lengjast stöðugt,“ segir Bjarni.





EFNALAUGIN BJÖRG MJÓDD
1953 60 2013 ÁRA

Við erum 60 ára í dag

Kæru viðskiptavinir
Þökkum ykkur fyrir traust og góð viðskipti í gegnum árin.

Í tilefni afmælis okkar og haustdaga í Mjódd bjóðum við ykkur 60% afslátt af allt að 6 flíkum, fimmtudaginn 3. október 2013

Starfsfólk Efnalaugarinnar Bjargar Mjódd

Efnalaugin Björg Mjódd, Álfabakka 12, Sími: 557-2400.
www.facebook.com/bjorgmjodd

# HINN EINI SANNI

## SLÁTURMARKAÐUR!

FERSKT DAGLEGA!

## SLÁTURMARKAÐUR Í HAGKAUP SMÁRALIND AFGREITT FRÁ KL. 14-18*

* ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA OG SUNNUDAGA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## ÓDÝR, ÞJÓÐLEGUR OG GÓÐUR MATUR

Úr einu slátri færðu u.þ.b. 25 matarskammta...



HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

# SKOÐUN

Eru fordómar skoðanir?

## Guð segir það

Hátíðirnar tvær sem haldnar voru í Laugardalnum um helgina kenndu sig báðar við vonina. Hvað skipuleggjendur þeirra vonuðu var hins vegar ekki augljóst. Var það von um betra samfélag sem vísað var til eða von um að sem flestir aðhylltust þá stefnu sem hvor um sig boðaði? Hina einu réttu stefnu sem sé.

Sannfæringin um að einhver tiltekin skoðun sé réttari en önnur hefur væntanlega fylgt mannskepnunni frá upphafi vega. Til hvers að hafa skoðun yfirleitt ef þú trúir ekki að hún sé sú rétta? Virðingarleysið fyrir skoðunum annarra og tilheyrandi skortur á umburðarlyndi hefur hrundið af stað fleiri átökum og stórstyrjöldum en nokkuð annað. Þar hafa trúarbragðahreyfingar verið framarlega í flokki og ótölulegur fjöldi fólks hefur tapað lífinu fyrir þá sök eina að aðhyllast eða aðhyllast ekki hina einu réttu trú. Hvernig hægt hefur verið að réttlæta slíkan yfirgang í nafni manns sem bauð að við skyldum elska óvini okkar er ein af ráðgátunum í veraldarsögunni, en enn er ekkert lát á mannvígum í nafni Jesú Krists.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Annað sem stundað er grimmt í nafni frelsarans er fordæming á tilteknum tilbrigðum í ástalífi fólks. Setningin fræga „Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum“ sem höfð er eftir Kristi á ekki upp á pallborðið hjá harðlínufólki sem þykist lifa samkvæmt kenningum hans. Einn þeirra, hinn margumræddi Franklin Graham sem predikaði á Hátíð vonar um helgina, baðst reyndar undan því að bera ábyrgð á þeirri skoðun sinni að samkynhneigð væri synd og vísaði í gríð og erg í Biblíuna þeirri skoðun til stuðnings. „Guð segir það“ var viðkvæðið. Það er varla hægt að verða meira stikkfrí en það.

Viðbrögðin við komu predikarans til landsins og því að biskup Íslands skyldi tala úr sama predikunarstól og hann eru svo önnur Ella sem tíunduð hefur verið í fjölmiðlum og verður ekki farið út í hér. Það sem upp úr írafárinu stendur er spurningin um skoðana- og málfrelsi. Má hann ekki bara hafa sína skoðun í friði? spurði fólk sem studdi hátíðina. Er ekki skoðanafrelsi í landinu? Stutta svarið við þeirri spurningu er nei. Fordómar gegn kynhneigð, trúarbrögðum, húðlit, kyni eða þjóðerni annarra flokkast nefnilega ekki sem skoðanir. Að láta þá í ljós á ofstækis- eða hatursfullan hátt er ekki leyfilegt samkvæmt íslenskum lögum. Fólk getur síðan haft misjafnar skoðanir á þeim lögum en það breytir ekki því að á meðan þau eru í gildi ber fortakslaust að fara eftir þeim.

Það er því með öllu óskiljanlegt að þjóðkirkjan, sem segist styðja réttindabaráttu samkynhneigðra, skyldi senda forstöðumann sinn til að styðja fordómana. Þetta ætti ekki að vera flókið: Hatursorðræða varðar við lög. Og þau lög eiga væntanlega líka við um þá sem bera Guð fyrir skoðunum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Byrjar ballið

Alþingi verður sett í dag. Þá byrjar ballið fyrir alvöru. Íslendingar fengu smjörþefinn af komandi vetri í tveimur þingstubbum í sumar og haust; alls 25 þingfundadagar þar sem gamlir og nýir þingmenn fengu færi á að skerpa raust og leggja línur fyrir skotgrafir vetrarins. Fjárlögin og allt sem á þeim hangir verður eflaust fyrsta stóra málið.

### Sama sullið

Án þess að vilja spilla fyrir upplifun spenntra áheyrenda má spá eftirfarandi með nokkurri vissu: Orðagjálfrið og átakastemningin sem einkenndi störf síðustu þinga ríkir sem aldrei fyrr og fyllir upp í almenna stjórnmálaumræðu. Mál málanna verða sem hér segir: Stjórnarandstaðan sakar stjórnina um að svíkja Alþingi og þjóðina um þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB. Stjórnin svarar með því að stjórnarsáttmálinn hafi verið passlega loðinn og óskýr og fyrri stjórn hafi hvort sem er ekki spurt þjóðina um álit á málinu. Þá kemur að náttúruvernd gegn nýtingarstefnu, þar sem umræðan verður enn heitari. Annar hópurinn talar um náttúruna og börnin okkar, hinn talar um endurreisn efnahagslífsins og börnin okkar. Mótmæli á Austurvelli.





### Hverjir ráða hvernig fer?

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, mun með jöfnu millibili minna þingmenn á að gæta orða sinna. Brynjar Níelsson og Vigdís Hauksdóttir munu segja eitthvað sem gerir allt vitlaust og gleymist svo strax. Forsvarsmenn þingflokkanna munu koma saman í umræðu um störf þingsins og undirstrika þörfina á að bæta umræðuna til að auka tiltrú á Alþingi. Allt fer í háaloft þegar talið berst að því hver beri ábyrgð á núverandi ástandi og ekkert gerist. Þeir einu sem geta komið í veg fyrir að þessi spá rætist eru 63 karlar og konur sem eru til viðtals í gegnum skrifstofu Alþingis.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Björg í bú

HÖNNUN



**Ólafur Mathiesen**
arkitekt og formaður stjórnar hönnunarsjóðs

Í gær hófst nýr kafli í hönnunarsögu Íslendinga þegar hönnunarsjóður stjórnvalda kallaði eftir umsóknum í fyrsta sinn. Hönnunarsjóður er fyrsti opinberi sjóður sinnar tegundar hérlendis.

Hönnunarsjóður var stofnaður á þessu ári og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hlutverk sjóðsins er að efla þekkingu, atvinnu- og verðmætasköpun á sviði íslenskrar hönnunar og arkitektúrs. Til þessa hafa hönnuðir haft fá tækifæri til að sækja fé í opinbera sjóði þótt arðsemi hönnunar og arkitektúrs verði ekki vefengd.

Fjármagn hönnunarsjóðs árið 2013 er tryggt. Framtíðarhorfur sjóðsins eru óráðari en munu skýrast þegar fjárlög verða samþykkt á haustþingi. Þar mun reyna á samvinnu þingflokka. Hönnunargeirinn ber þverfaglegri samvinnu gott vitni. Vonandi er að vel takist til á Alþingi í ár.

### Hönnunarmiðstöð lyftir Grettistaki

Á fyrsta starfsári hönnunarsjóðsins mun hann njóta umsýslu Hönnunarmiðstöðvar og hefur sjóðsstjórn góðar væntingar til þeirrar samvinnu. Hönnunarmiðstöð hefur unnið geysimikið starf við að hlúa að kjarnmiklum gróanda íslenskrar hönnunar. Hún hefur lyft grettistaki við að koma hönnuðum og afurðum þeirra á framfæri innanlands sem erlendis.

**➜ Kraftur og dugur hönnuða hefur verið kærkominn áhrifavaldur í að auka verðmæti og bæta lífsgæði undanfarin ár.**

Kraftur og dugur hönnuða hefur verið kærkominn áhrifavaldur í að auka verðmæti og bæta lífsgæði undanfarin ár, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Nú styttist í að hönnunarstefna stjórnvalda verði birt, en hún endurspeglar mikilvægi hönnunar í öllum þáttum atvinnulífsins. Það ríður á að þeirri stefnu verði fylgt eftir á öllum sviðum stjórnsýslunnar. Fólkið í hönnunargeiranum mun ekki láta sitt eftir liggja þegar kemur að því að vinna með stjórnvöldum við að efna sinn hlut. Með frumkvæði og nýsköpun getum við skapað íslensku samfélagi fjölbreytt lífsviðurværi af auðlindum hugans.

Íslenskir hönnuðir hafa fyrir löngu sýnt að þeir hafa bæði dug og getu til að marka spor á breiðstrætum hönnunar og arkitektúrs heima og heiman. Hönnunarsjóður getur haft úrslitaáhrif á upphaf og þróun nýsköpunarverkefna og afkomu og vöxt sjálfstæðra hönnuða og fyrirtækja. Með öflugum vexti og viðgangi hönnunar og arkitektúrs munu stjórnvöld, þegar fram líða stundir, geta sótt þjóðinni björg í bú. Hönnunarsjóður er því mikið fagnaðarefni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Endurlífgun eða ekki

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



> Það er nánast ekki til sá einstaklingur í þjóðfélaginu sem hefur ekki fengið að kynnast með beinum eða óbeinum hætti því sem fram fer innan veggja spítalans, annaðhvort sem sjúklingur eða aðstandandi.

Við erum stödd á sjúkrahúsi þar sem liggja margir sjúklingar með ýmis vandamál, sumir liggja á venjulegri deild, þeir veikari á gjörgæsludeildinni undir stöðugu eftirliti og bundnir við tæki sem pípa ef eitthvað fer úrskeiðis. Ákvarðanir eru teknar á öllum deildum spítalans á hverjum degi um það hvernig meðferð skuli háttað og hvaða rannsóknir einstaklingar eigi að undirgangast, annaðhvort til þess að staðfesta eða hrekja greiningu þá sem unnið er með hverju sinni eða til þess að fylgjast með því að sú meðferð sem veitt er sé að skila árangri. Inngripin eru margvísleg, allt frá því að gefa töflur til þess að skera fólk upp eða gefa því geislameðferð vegna illkynja sjúkdóms. Markmiðið er að skila þessum einstaklingum aftur út í samfélagið til þess að þeir geti notið lífsins áfram, en líka til þess að þeir haldi áfram að vera nýtir þjóðfélagsþegnar og geti lagt sitt af mörkum, í hverju sem það kann að felast.

**Nauðsynlegur spítali**

Ekki er gerður neinn greinarmunur á efnahag, menntun, kyni eða aldri þeirra sem leita á þennan spítala. Þar er að finna öflugt fagfólk sem vinnur þverfaglega og í teymi að því að veita bestu mögulegu þjónustu hverju sinni, með sama markmið fyrir alla, að líkna þeim og lækna þá sem þangað leita. Eðlilega eru hæðir og lægðir í slíku starfi og þeir sem standa á gólfinu eru á stundum örþreyttir og teygðir en þeir gefa samt sitt besta, annað er ekki í boði. Þetta er landsliðið, þangað leita allir sem ekki geta fengið þjónustu annars staðar. Það að reyna ekki er ekki til í orðabók þeirra sem þarna starfa og gildir einu hvert vandamálið er. Stundum tapar maður orrustu og lýtur í lægri hlut fyrir þeim sem kemur að sækja viðkomandi. Sumir tengja slíkt við trúarbrögð, aðrir við gang lífsins. En viðureignirnar eru svo miklu, miklu fleiri sem vinnast á hverjum degi og það skapar ánægju og vissu um það að starfið skiptir máli sem unnið er á þessum spítala.

Þegnar landsins eru sammála því að þessi spítali eigi rétt á sér, hann sé hreinlega nauðsynlegur, og þeir styðja ötullega við bakið á honum með því að gefa gjafir og fé og borga skattana sína, enda vita þeir ekki hvenær þeir kynnu að þurfa á þjónustu hans að halda. Þetta er eins konar trygging fyrir því að hann haldi áfram sínu öfluga starfi, mennti heilbrigðisstarfsfólk á heimsmælikvarða og stundi vísindastarf af hæsta gæðaflokki með fjölda ritrýndra greina í tímaritum víða um heim. Spítalinn er næsta sjálfbær og getur sinnt öllum þeim verkum sem til er ætlast af honum og býr yfir öflugum tækjakosti til þess að tryggja að svo sé. Hann getur gert allar þær rannsóknir sem þarf til þess að vel menntaðir og eftirsóknarverðir starfskraftar hans geti sinnt sjúklingunum á sem bestan hátt og tryggt öryggi þeirra. Spítalinn er eftirsóknarverður vinnustaður.

**Ekkert má út af bregða**

Það er nánast ekki til sá einstaklingur í þjóðfélaginu sem hefur ekki fengið að kynnast með beinum eða óbeinum hætti því sem fram fer innan veggja spítalans, annaðhvort sem sjúklingur eða aðstandandi. Það er tilfinningalegur rússibani sem einkennir þessi samskipti oft á tíðum og er heiðarleiki og gagnsæi aðalsmerki þeirrar þjónustu sem hann veitir af bestu getu hverju sinni. Þegar á móti blæs standa menn saman um að leysa úr þeim vanda sem upp kemur, hversu smávægilegur sem hann kann að vera, og tala saman. Sú samfélagslega ábyrgð sem hvílir á herðum ráðamanna, stjórnenda, starfsfólks og almennings er öllum ljós.

Í þessum pistli er rætt um ímyndaðan spítala og nauðsyn þess að taka rökréttar ákvarðanir hverju sinni með hag sjúklingsins að leiðarljósi. Starfsemi spítalans snýst nefnilega eingöngu um það að líkna og lækna, um það ríkir víðtæk sátt í samfélagi þessa spítala. Þegar læknar taka ákvarðanir um endurlífgun byggir það á líkum á árangri og því hversu lífvænlegur sjúklingurinn er. Stundum tekur maður ákvörðun um að hætta. Ef við yfirfærum þessa myndlíkingu á Landspítalann erum við núna í miðri endurlífgun og það má ekkert út af bregða því þá missum við sjúklinginn. Adrenalín!

## AF NETINU

### Hvaðan er svona hugmynd komin?



Ég er nokkuð sammála fíladelfíumanninum sem álítur að það sé heldur hallærislegt hjá borgaryfirvöldum að vera að atast í trúarsamkomunni Hátíð vonar. Þessi regnbogagjörningur á gangbrautinni við Laugardalshöll var út í hött.

Hvaðan er svona hugmynd komin?

En það verður að segjast eins og er að trú af því tagi sem þarna er boðuð er flestum Íslendingum framandi. Prédíkari af sauðahúsi Franklins Graham er frekar eins og sölumaður en kristinn klerkur. Öll umgjörðin minnir líka á sölumennsku. Og bókstafstrú eins og þarna er iðkuð er afar fjarlæg hinni mildu íslensku þjóðkirkjukristni.

Þess vegna virkaði íslenski biskupinn út úr kú þar sem hún sat við hliðina á Franklin Graham.

Það má vera að nægilega stór prósenta þjóðarinnar sé spennt fyrir svona kristindómi til að sækja slíka samkomu, aðrir hafa komið af forvitni. En almennt eru Íslendingar frjálslyndir í trúmálum [...]

eyjan.pressan.is/silfuregils

*Egill Helgason*








Styrkjum starfsemi Krabbameinsfélagsins

*Hreyfill/Bæjarleiðir er styrktaraðili árvekniátaks Krabbameinsfélagsins í október og nóvember*

*Með hverri pantaðri ferð styrkir þú verkefni Krabbameinsfélagsins til að berjast gegn krabbameini hjá konum.*

*Af því tilefni höfum við sérmerkt bílana okkar enn á ný með bleikum taxaljósum og munu bílstjórarnir taka fagnandi á móti þér.*

*Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!*

„Bleika slaufan" er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.

TAXI HREYFILL BÆJARLEIÐIR
5 88 55 22

Bleika slaufan

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1933** Ásta Magnúsdóttir verður fyrst kvenna til að gegna opinberu embætti á Íslandi er hún er skipuð ríkisféhirðir.

**1947** Tekin er upp skömmtun á ýmsum varningi, eins og kornvöru, kaffi, sykri, búsáhöldum og hreinlætisvörum, til að spara gjaldeyri.

**1955** Fyrsta kjörbúðin er opnuð í Reykjavík, Liverpool í Austurstræti.

**1979** Mesta sólarhringsúrkoma hér á landi mælist á Kvískerjum í Öræfum, 243 millimetrar á einum sólarhring.

**1981** Ökumenn og farþegar í framsæti bifreiða eru skyldaðir til að spenna öryggisbeltin við akstur.



**2003** Eyririnn er lagður niður og ein króna verður minnsta gjaldmiðilseining á Íslandi.

**ÞETTA GERÐIST:** 1. OKTÓBER 1874

## Kvennaskólinn tók til starfa

Kvennaskólinn í Reykjavík var settur í fyrsta skipti þennan mánaðardag árið 1874. Hann er einn af elstu skólum landsins. Fyrsti skólastjóri Kvennaskólans var Þóra Melsteð. Hún var stofnandi skólans, ásamt manni sínum, Páli Melsteð. Upphaflega var Kvennaskólinn til húsa á heimili þeirra hjóna við Austurvöll. Árið 1878 létu þau rífa húsið og byggðu nýtt og stærra hús á sama stað á eigin kostnað en árið 1909 flutti skólinn í eigið húsnæði að Fríkirkjuvegi 9.

Eins og nafnið gefur til kynna var Kvennaskólinn eingöngu fyrir stúlkur og framan af var töluverð áhersla lögð á fatasaum, handavinnu og teikningu í skólanum. Þannig var það fyrstu öldina sem hann starfaði en haustið 1977 hóf fyrsti pilturinn þar nám.



**HEFÐ** Peysufatadagurinn er fastur liður í félagslífi Kvennaskólans.




**LJÓÐ Í LEIÐINNI** „Þetta verður ansi myndarlegt safn af ljóðum sem fólk getur nálgast í tilefni af hátíðinni," segir Kristín Viðarsdóttir, verkefnastjóri Bókmenntaborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Áhersla á að koma ljóðinu til borgarbúa

**Lestrarhátíðin Ljóð í leiðinni hefst í dag. Þemað í ár er borgarljóð og verður ljóðum og ljóðlínum meðal annars komið fyrir á strætisvögnum og í biðskýlum, opnað ljóðakort af Reykjavík, gefin út ljóðabók og fleira og fleira. Almenningur er hvattur til að taka virkan þátt.**

Lestrarhátíð í Reykjavík er árlegur viðburður og verður í ár helguð borgarljóðum," segir Kristín Viðarsdóttir, verkefnastjóri Reykjavíkur Bókmenntaborgar, spurð um hátíðina Ljóð í leiðinni sem hefst í dag. „Það verða ljóð úti um allan bæ, ljóðlínur utan á og inni í strætó, í strætóskýlum, veggspjaldasýning og alls kyns viðburðir. Áherslan er lögð á að koma ljóðinu út til borgarbúa. Á vefjunum okkar, bæði farsímavefnum og aðalvefnum, verður síðan hægt að lesa öll þessi ljóð í heild."

Margir aðilar koma að hátíðinni, meðal annars mun Borgarbókasafnið útbúa ljóðakort af Reykjavík. Kortið geymir staði í Reykjavík sem skáld hafa ort um, hvort sem er götur, hverfi eða hús. Þegar kortið er skoðað er hægt að smella á tiltekinn stað og fá upplýsingar um ljóðið og jafnvel lesa það, því verið er að skanna ljóðin inn. „Þetta verður ansi myndarlegt safn af ljóðum sem fólk getur nálgast í tilefni af hátíðinni."

Lestrarhátíðin verður sett af borgarstjóranum í Reykjavík, Jóni Gnarr, klukkan 11 í dag og opnar hann um leið ljóðakortið. Síðan rekur hver viðburðurinn annan og Kristín hvetur fólk til að kynna sér dagskrána, sem er að finna á heimasíðu Bókmenntaborgarinnar. En hvað geta þeir sem vilja taka virkan þátt í verkefninu gert? „Þeir geta tekið þátt með því að senda okkur efni, hvort heldur eru ljóðlínur eða heil ljóð, frumsamin eða eftir aðra," segir Kristín. Það er gert með því að nota myllumerkið (e. hashtag) #lestrarhatid og setja inn ljóð, ljóðlínur eða ljóðrænar myndir á samfélagsvefina Facebook, Twitter og Instagram. Úrval þess efnis verður síðan birt á vef Bókmenntaborgarinnar, bokmenntaborgin.is.

Hátíðinni lýkur hinn 31. október með ljóðarútuferð um Reykjavíkurborg þar sem skáld sem eiga ljóð í bókinni Ljóð í leiðinni munu lesa upp.

fridrikab@frettabladid.is

---


†



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR SIEMSEN**
**lyfjafræðingur**
**Svöluhrauni 12, Hafnarfirði,**

lést á heimili sínu aðfaranótt laugardagsins 28. september. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 8. október næstkomandi kl. 15.00.

**Auður Snorradóttir**
**Guðmundur Siemsen** **Hrund Ottósdóttir**
**Snorri Siemsen** **Jón Kjartan Ágústsson**
**Rósa Siemsen** **Jóhann David Barðason**
**Anna Sigríður Siemsen**
**og barnabörn.**

†



Þökkum auðsýnda samúð
við andlát og útför

**GUÐNÝJAR MAGNÚSDÓTTUR**
**frá Öngulsstöðum.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Furuhlíðar, Dvalarheimilinu Hlíð, fyrir einstaka umönnun.

**Sigurgeir Halldórsson**
**börn, tengdabörn og fjölskyldur.**

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**SJAFNAR ÞÓRARINSDÓTTUR**
**Hrísmóum 1, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildar Landspítalans.

**Óli Kr. Jónsson**
**Jón Þór Ólason** **Ragna Soffía Jóhannsdóttir**
**Gústav Óli Jónsson**
**Edda Líf Jónsdóttir**
**Bjartur Þór Jónsson**

†



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**HELENA RAKEL MAGNÚSDÓTTIR**
**Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi, þriðjudaginn 24. september.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Katrín Markúsdóttir** **Pétur Th. Pétursson**
**María Markúsdóttir** **Sigtryggur Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**JÓHANNA ENGILRÁÐ**
**ALEXANDERSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Skjóli við Kleppsveg,**
**áður Efstasundi 77, Reykjavík,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 28. september.

**Þröstur G. M. Eyjólfsson** **Karen Jónsdóttir**
**Inga Dóra Eyjólfsdóttir**
**Alexander F. Eyjólfsson** **Hjördís Sveinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabarn.**

†



Elsku dóttir mín, systir okkar,
mágkona og frænka,

**SÓLVEIG REYNISDÓTTIR**
**Brekkuási 5, Hafnarfirði,**

sem lést 24. september, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 2. október kl. 15.00.

**Dóra S. Guðmundsdóttir**
**Eyjólfur Reynisson** **Guðbjörg S. Sigurz**
**Sigrún Reynisdóttir**
**og systkinabörn.**

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**KARIN MAGNÚSSON**
**er látin.**

Útförin verður gerð frá Garðakirkju á Álftanesi fimmtudaginn 3. október klukkan 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Karinar er bent á minningarsjóð líknardeildar Landspítalans Kópavogi.

**Orri Ólafur Magnússon**
**Áslaug Emma Magnússon**
**Tatjana og Rudolf Zens**
**og barnabörnin.**



## GÓÐUR MILLIBITI

**Hnetur og möndlur eru hollar og góðar. Þær henta mjög vel sem millibiti ef hungrið kallar. Hnetur og möndlur eru prótínríkar og innihalda E-vítamín, fólínsýru, magnesíum, trefjar og andoxunarefni.**

**Astmi og lungnaþemba**
skerðir súrefni í blóði.
**Hvað gerir SUPERBEETS?**
Örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax.
**30%** meiri **súrefnisupptaka**
**30%** æðaútvíkkun betra blóðflæði,
réttur blóðsykur aukin fitubrennsla,
**20%** meira þrek, orka og úthald.
**SUPERBEETS Rauðrófukristall**
100% lífrænt og því fullkomlega öruggt.
Fæst í apótekum, heilsubúðum, World Class og Sportlíf.




Umboð: www.vitex.is

# VIRKAR Á ALLA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Matthildi Rósenkranz Guðmundsdóttur, eða Lóló, kannast margir við, enda hefur hún verið áberandi í íslensku þjóðlífi í áratugi. Lóló er ein af þeim sem hafa notað Sore No More hita- og kæligelið síðan það kom á markað fyrir sex árum og mælir með því fyrir alla.*

Ég er íþróttakennari og hef starfað sem einkaþjálfari í World Class í 18 ár. Á þessum tíma hefur margt breyst varðandi áherslur í heilsu og líkamsrækt. Fólk er að mörgu leyti orðið meðvitaðra og umræðan um heilsu og vellíðan meiri en grunnurinn er alltaf sá sami þótt breiddin og framboð hafi aukist," segir Lóló og bætir við að hennar markmið með þjálfun hafi alltaf verið það sama, að bæta heilsuna og daglega líðan. „Fólk kemur til mín í alls konar ástandi og með mismunandi markmið en stór hluti finnur fyrir vöðvabólgu, eymslum hér og þar, er með gigt eða einhvers konar krankleika og þá mæli ég alltaf með Sore No More. Það virkar strax og maður ber það á sig og maður finnur gríðarlegan mun. Svo er frábært að nota það á gagnaugun við höfuðverk, á efri vörina við kvefi og á bringuna við hósta. Ég er rosalega hrifin af þessari vöru enda er hún náttúruleg og án allra kemískra aukaefna og hentar því öllum aldri. Ég á tvo stráka sem æfðu fótbolta og ég notaði Sore No More mikið á þá sem ég hefði auðvitað ekki gert nema ég hefði ekki 100% trú á vörunni."



**MÆLIR MEÐ** Lóló Rósenkrans íþróttakennari (lolo@worldclass.is) notar Sore No More.

**HLUTI AF ÞVÍ AÐ LÁTA SÉR LÍÐA BETUR**

Lóló kenni hóptíma í World Class Laugum sem nefnast mix pilates og er fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja kvið- og bakvöðva og bæta líkamsstöðuna. „Svo hef ég kennt reglulega skriðsundsnámskeið og aðsóknin er bara að aukast ef eitthvað er. Næsta námskeið hefst 7. október í Laugardalslauginni," segir Lóló og brosir sínu hlýja brosi. „Það er alveg sama hvers konar þjálfun fólk kýs hjá mér, hópþjálfun, einkaþjálfun eða sund, ég legg alltaf áherslu á að auka vellíðan, bæta líkamsástand og kenna fólki að bera ábyrgð á eigin heilsu. Það er svo margt sem skiptir máli og allt þarf að vinna saman. Mataræði, hreyfing, hugarfar, samskipti og sjálfsmynd. Þú þarft að geta horft í spegil og verið sátt(ur) í eigin skinni óháð aldri, kyni eða útliti. Öll viljum við vera virkir þátttakendur í eigin lífi, halda heilsu og horfa bjartsýn til framtíðar en síðast en ekki síst að geta lifað í núinu og notið lífsins. Ég tala mikið við fólkið mitt og saman finnum við leiðir fyrir hvern og einn til að hjálpa sjálfum sér í átt til betri heilsu. Að nota Sore No More á aum svæði er klárlega ein af leiðunum."

Það er ljóst að Lóló hefur gríðarlega reynslu og endalausa orku og ánægju af starfi sínu enda á hún traustan og tryggan viðskiptavinahóp og er hvergi nærri hætt.

KOJAK.IS
EINKAÞJÁLFUN • FJARÞJÁLFUN • HÓPÞJÁLFUN






HNITMIÐUÐ ÞJÁLFUN KOJAK OG ÞÓRUNN
kojak@kojak.is / 694-6212 • thorunn@kojak.is / 894-8769

# VERKJASTILLANDI OG FLJÓTVIRKT

**Í ÞÚSUNDIR ÁRA HAFA FRUMBYGGJAR** Mexíkó notað plöntukjarna til þess að lina og lækna verki og þjáningar. Sore No More er náttúrulegt og fljótvirkt verkjastillandi gel sem er án alkóhóls, kemískra íblöndunarefna, rotvarnarefna og parabena. Sore No More hita- eða kæligel henta einstaklega vel til þess að lina líkamlega verki og óþægindi.

**HITAMEÐFERÐ**

- Virkar best á þráláta verki t.d. liðagigt, sinabólgur, tennisolnboga, frosna öxl, sinadrátt, vefjagigt, bólgur og þess háttar eymsli
- Hjálpar til við að auka hreyfigetu, eykur blóðrás og náttúrulegan lækningamátt líkamans
- Mjög hentugt til að hita upp og mýkja stífa vöðva fyrir æfingar

**KÆLIMEÐFERÐ**

- Hjálpar til við að lina bráða verki vegna byltu eða höggs
- Frábært eftir æfingar
- Gott sem kælimeðferð eftir meðferð hjá kírópraktor/sjúkraþjálfara/nuddara
- Öflug kælivirkni án þess að valda óþægindum og ofkælingu á húð

Sore No More fæst í öllum apótekum, heilsubúðum og Fjarðarkaupum.
Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is




**SORE NO MORE**

Engin efni eru úr dýraríkinu og Sore No More er ekki prófað á dýrum. Sore No More er með hressandi sítrónu- og appelsínuilmi, klínist ekki í föt né skilur eftir sig bletti.

GLÆSILEGUR !!




DECO CHARM
létt fylltur,
fæst í 32-38D,DD,E,F,FF,G
skálum á kr. 9.980,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
opið á laugardögum kl. 10-14




Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



# NUDDIÐ HJÁLPAR MELTINGUNNI

**HEILSA** *Halla Frímannsdóttir Himintungl vill kynna Chi Nei Tsang-maganuddið fyrir Íslendingum. Nuddið hefur verið notað í Asíu í þúsundir ára en hefur síðastliðin ár verið að ryðja sér til rúms á Vesturlöndum.*

Halla Frímannsdóttir heilunarþerapisti, betur þekkt sem Halla himintungl, kynntist Chi Nei Tsang-maganuddi fyrir nokkrum árum. „Á veturna vinn ég sem heilunarþerapisti á lúxus heilsuhælum og heilsulindum í Asíu. Þar er maganudd mikið notað þegar fólk er að detoxa til að flýta fyrir ferlinu og hjálpa líffærum til að koma sér í innra jafnvægi,“ upplýsir Halla. Hún fékk sjálf að njóta maganudds og nuddar sig reglulega sjálf. „Ég fann fljótt að þetta gerði mikið fyrir mig. Ég fann punkt sem alltaf var hnútur við en hann tengdist brjósklosi í baki,“ segir Halla og vill kynna Chi Nei Tsang-maganuddið fyrir Íslendingum en það hefur rutt sér til rúms víða á Vesturlöndum síðustu ár.

Chi Nei Tsang-maganuddið kemur úr kínverskri lækningafræði og hefur verið notað í Asíu í þúsundir ára. „Nuddið gengur út á að nudda yfir nafla og magasvæði þar í kring. Nuddið hjálpar meltingarkerfinu og öðrum innri líffærum við að losna við innri orkustíflur,“ lýsir Halla og telur að nuddið gagnist við ýmsum kvillum, til dæmis meltingarvandamálum, magaónotum, hægðatregðu, magaþembu eða bólgum í meltingarvegi.

Halla segir tilfinningar oft koma fram í maganum. „Til dæmis tölum við um að fá hnút í magann eða vera með fiðrildi í maganum. Í raun er talið að sjötíu prósent af vanlíðan og ónotum fólks taki sér bólfestu í tilfinningum og meltingarvegi,“ segir Halla og vill meina að hægt sé að vinna á þeirri vanlíðan með maganuddi.

Halla segir afar mikilvægt að hlúa vel að innri líffærum á borð við maga, lifur, nýru, smáþarma og blöðruhálskirtil. Hún vísar í rannsóknir Michaels Gershon, prófessors við Columbia-háskóla í New York. „Gershon kom fram með þá vitneskju fyrir fjórtán árum að 95 prósent af framleiðslu serótóníns færu fram í meltingarveginum,“ segir Halla og telur að maganuddið getið hjálpað til að koma meltingarstarfseminni í jafnvægi.



**HALLA HIMINTUNGL** Stendur fyrir námskeiði í maganuddi. MYND/INGVAR ÖRN SIGHVATSSON

Halla skipuleggur nú námskeið í Chi Nei Tsang-maganuddi í lok október en slíkt námskeið hefur ekki verið haldið hér á landi áður. Annars vegar býðst fólki eins dags námskeið í sjálfsmaganuddi og hins vegar getur fólk sótt fjögurra daga námskeið í Chi Nei Tsang-maganuddi. Kennararnir eru frá Sviss og hlutu þjálfun hjá grandmeistaranum taílenska Mantak Chia, en hann hefur dýpkað og stílfært Taó-fræðin síðastliðna áratugi. Einnig verður fyrirlestur eitt kvöld um Taó-heilsufræðin. Skráning á námskeiðið rennur út 7. október en nánari upplýsingar má nálgast á www.magicmoonhealer.com.



**MAGANUDD** Chi Nei Tsang-maganudd byggir á fornum Taó-heilunarfræðum. Nuddið á að hjálpa meltingarkerfinu og öðrum innri líffærum við að losna við innri orkustíflur. NORDICPHOTOS/GETTY







# MIKILVÆGI HJARTAÞRÆÐINGA

**HJARTAHEILL** *Davíð O. Arnar, yfirlæknir Hjartagáttar Landspítala, skrifar um mikilvægi hjartaþræðingar í meðferð bráðrar kransæðastíflu.*

Það hefur mikið verið rætt um bágborinn tækjakost Landspítalans á undanförnum mánuðum. Hjartaþræðingarstofan er þar ekki undanskilin. Elsta þræðingartækið er orðið 16 ára gamalt og komið langt fram yfir það sem getur talist eðlilegur endingartími. Því hefur reyndar verið vel við haldið en það er orðið gríðarlega aðkallandi að fá nýtt tæki. Því eldri sem tækin eru því minni verða myndgæði og viðhaldsdagar fleiri. Það er eitt af allra brýnustu verkefnum sjúkrahússins í tækjakaupamálum að fá nýtt hjartaþræðingartæki. Slíkt tæki er þó frekar dýrt og kostar um 160 milljónir króna. Eins og flestum er kunnugt hefur fé til tækjakaupa á sjúkrahúsinu verið af mjög skornum skammti og oftar en ekki höfum við þurft að reiða okkur á gjafafé þegar kaupa á ný mikilvæg tæki. Stuðningur einkasjóða, eins og sjóðs Jónínu heitinnar Gísladóttur, hefur verið mjög mikilvægur í þessu tilliti. Sömuleiðis höfum við notið velvilja sjúklingasamtaka, eins og Hjartaheilla og svo ýmissa félagasamtaka.

Brjóstverkir eru algeng komuástæða á bráðamóttökur Landspítala. Þó mismunagreining brjóstverks sé fjölbreytt er hann í mörgum tilfellum vegna bráðs kransæðasjúkdóms. Bráðum kransæðasjúkdómi er skipt í þrjá flokka eftir birtingarmynd, útliti hjartalínurits og niðurstöðum blóðprufa, sér í lagi svokallaðra hjartaensíma.



**YFIRLÆKNIR** Davíð O. Arnar, yfirlæknir Hjartagáttar Landspítala. MYND/LÆKNABLAÐIÐ

Þessi skipting er mikilvæg þar sem bráðleiki vandamálsins og upphafsmeðferð er talsvert breytileg eftir flokkunum.

Við bráða kransæðastíflu er lagt ofurkapp á að opna hina lokuðu æð sem allra fyrst. Stigvaxandi framfarir hafa orðið í meðferð á bráðum kransæðasjúkdómum á síðustu tveimur áratugum og hafa þær ekki síst átt sér stað í ítarlegri skoðun og inngripum sem unnt er að gera á kransæðum með hjartaþræðingartækni. Þar ber kannski hæst möguleika á greiningu á alvarlegum kransæðasjúkdómi og svo víkkun kransæðaþrengsla gjarnan með ísetningu á svokölluðu stoðneti á þrengslasvæðinu.

Við bráða kransæðastíflu er tafarlaus kransæðaþræðing með víkkun á lokuðu æðinni nú kjörmeðferðin. Með kransæðavíkkun opnast æðin í yfir 90% tilfella en með lyfjameðferð í milli 50 og 60% tilfella. Vakt er haldið út á hjartaþræðingarstofunni alla daga, allan ársins hring, og meðaltími frá því að einstaklingur kemur inn á sjúkrahúsið með bráða kransæðastíflu þar til að hann er kominn í hjartaþræðingu er að meðaltali rúmlega 40 mínútur. Þessi nálgun hefur leitt til lækkunar á þrjátíu daga dánartíðni eftir kransæðastíflu úr rúmlega 11% um aldamótin í 4-5% á síðustu 2-3 árum. Þessi dánartíðni er nú með því lægsta sem þekkist á heimsvísu.

Nú fer fram mikið átak af hálfu Hjartaheilla og Neistans við að styðja okkur við kaup á nýju hjartaþræðingartæki. Vil ég hvetja landsmenn til að taka vel í þeirra beiðni. Verkefnið að þessu sinni er mjög brýnt.



# HAGAMÚSIN Á STAÐ Í HJÖRTUM MARGRA

**Árið 1947 voru fluttir inn 195 Renault 11CV-bílar án tilskilinna innflutnings- og gjaldeyrisleyfa og gerðir upptækir af ríkinu.**

Einn af sögufrægari bílum íslenskrar bílasögu er „Hagamúsin“, eða Renault 11CV, sem fluttur var inn í 195 eintökum í einu lagi árið 1947 án tilskilinna leyfa, á tímum innflutningshafta. Dómsmál gekk út af þessum innflutningi, en á meðan dvöldu þessir bílar innan girðingar nálægt Haga við Hofsvallagötu og biðu þess að gegna mikilvægu hlutverki. Þaðan er heitið skemmtilega „Hagamúsin“ komið. Voru þeir af árgerð 1946.

### Fluttir inn án tilskilinna leyfa

Innflutningsaðili þessara bíla var Reinhard Lárusson og átti hann fyrirtækið Columbus hf. sem hafði umboð fyrir Renault-bíla á Íslandi. Reinhard hafði árið áður flutt inn 147 Renault-bíla, en þegar kom að þessum innflutningi hafði hann aðeins fengið innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir fjórum bílum, en svo voru allt í einu komnir 195 bílar til landsins og var hann þá kærður. Fór svo að Reinhard var dæmdur til hárra fjársekta og allir bílarnir, fyrir utan þá fjóra sem hann hafði fengið leyfi fyrir, gerðir upptækir af ríkinu. Var þeim komið fyrir við Haga og máttu dúsa þar í rúmt ár. Þá var tekin ákvörðun um að styrkja nýstofnað happdrætti SÍBS og voru bílarnir notaðir sem aðalvinningar í fyrsta stórhappdrætti hins nýja félags.

### Fólksbílunum fjölgaði skyndilega um sex prósent

Innflutningur þessara bíla vakti á sínum tíma mikla athygli en árið 1947 voru fluttir inn 7.164 bílar, þar af 3.479 fólksbílar. Því fjölgaði fólksbílunum skyndilega um sex prósent með þessum innflutningi Reinhards. Undir vélarhlífinni á Renault 11CV var fjögurra strokka vél sem skilaði tíu hestöflum. Ekki hafa mörg eintök af þessum sérstaka bíl varðveist en eitt þeirra á þó Ólafur Steinarsson, nýráðinn sveitarstjóri á Þórshöfn, en hann gerði bílinn upp á þann ágæta hátt sem á myndinni sést. Hann eignaðist bílinn fjórtán ára og gerði hann upp með aðstoð föður síns og annarra góðra manna. Bíllinn er þó staddur í Reykjavík nú, þar sem Ólafur alla jafna býr. Annað eintak er á byggðasafninu í Görðum skammt frá Akranesi og bíll í ökuhæfu ástandi í Vík í Mýrdal. Enn fremur stendur til að gera upp einn á samgönguminjasafninu að Stóragerði í Skagafirði.

### Heimilisbíll margra Íslendinga

Svo skemmtilega vill reyndar til að á heimili greinarritara var svona bíll heimilisbíllinn til margra ára og var hann aðallega keyrður af móður hans, en annar bíll var tiltækur á heimilinu. Hann fór nokkrar sögulegar ferðir út á land og þá yfirleitt troðinn af farþegum og farangri. Þar sem foreldrar móðurinnar á heimilinu bjuggu á Siglufirði voru ferðir tíðar þangað og varð á þeim tíma að fara um Siglufjarðarskarð, fyrir gerð Strákaganga. Urðu þá farþegar oft að fara úr bílnum og ýta honum upp erfiðustu kaflana, enda engir kraftar í kögglum „Hagamúsarinnar“. Minnisstæð eru einnig þau mistök greinarritara á frostköldum morgni að leggja varir sínar að stálgrind sem stóð upp úr framsætunum og festa þær rækilega á helfrosnu stálinu. Reyndist þrautin þyngri að aðskilja þær og stöngina köldu.









**SUZUKI SX4 S-CROSS**

**1,6 L BENSÍN**
**120 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**
**Eyðsla** 5,9 L/100 km í blönduðum akstri

**Mengun** 135 g/km $CO_2$
**Hröðun** 12,0 sek.
**Hámarkshraði** 175 km/klst.
**Verð frá:** 4.500.000 kr.
**Umboð** Suzuki bílar hf.

- Afllítil bens
- Hörð afturf



# GERBREYTTUR OG STÆRRI SUZUKI SX4 S-CROSS

## Hefur stækkað heilmikið frá síðustu kynslóð, er góður akstursbíll, miklu fríðari en forverinn og umfram allt áfram í boði á lágu verði.

**SUZUKI SX4 S-CROSS**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Suzuki kynnti fyrstu kynslóð SX4-jepplingsins fyrir einum átta árum. Bæði er það erfitt að hugsa sér hversu mörg ár eru liðin og jafnframt er óvanalegt að bílar séu óbreyttir svo lengi. Önnur kynslóð jepplingsins Suzuki SX4 var kynnt blaðamönnum í Barcelona í síðustu viku og má með sanni segja að þar fari gerbreyttur bíll. Í raun á þessi nýi SX4, sem nú hefur fengið S-Cross nafnið aftan við, fátt sameiginlegt með fyrstu kynslóðinni. Fyrst er að nefna að bíllinn hefur stækkað heilmikið og er nú 16 cm lengri og miklu rúmmeiri. Þrátt fyrir að það sjáist glögglega hversu mikið bíllinn hefur stækkað er hann enn stærri þegar inn í hann er komið. Suzuki hefur ekki farið leynt með það að þessi nýi bíll muni keppa grimmt við þann bíl í þessum stærðarflokki sem selst mest af í heiminum, Nissan Qashqai. Það verður strax að segja SX4 til hróss að innanrýmið er talsvert meira en í Qashqai. Til dæmis er fótarýmið aftur í svo gott að erfitt er að finna það betra í nokkrum jepplingi. Skottrýmið er líka ári gott fyrir slíkan bíl, eða 430 lítrar, meira en í Suzuki Grand Vitara jeppanum! Þrátt fyrir alla þessa stækkun bílsins hefur Suzuki tekist að létta bílinn frá síðustu kynslóð um 60 kíló og vegur hann nú aðeins um 1.200 kíló.

### Mikið val á útfærslum

Suzuki SX4 S-Cross má fá í ýmsum útgáfum, fjór- og framhjóladrifinn, bein- og sjálfskiptan og með bensín- eða dísilvél. Reyndir voru bílar með bensínvél og dísilvél, beinskiptir og sjálfskiptir. Að mati reynsluökumanns er bíllinn skemmtilegri beinskiptur, eins og gjarnan á við léttari bíla. Beinskiptingin er einstaklega lipur og sportleg og varð eiginlega samstundis eins og hugur manns. Með bensínvélinni, sem ekki er sérlega öflug, er þá best að láta bílinn snúast mikið í hverjum gír og næst þá fram allt það afl sem óskað er eftir og það er eins og vélin hreinlega biðji um að fá að snúast hratt. Með dísilvélinni, sem er miklu aflmeiri, er þessu allt öðruvísi farið. Það kom ökumanni á óvart hversu öflug dísilvélin er, enda með 320 Nm-tog. Sá bíll hentist áfram og í stuttri brekku þar sem hann fékk að finna fyrir því var hann strax kominn á 120 km hraða og vildi toga enn meira. Bæði bensín- og dísilvélin eru með 1,6 lítra sprengirými, en dísilvélin að auki með forþjöppu og báðar skráðar fyrir 120 hestöflum. Eins og ávallt er dísilútgáfan dýrari og það fylgja þeim ávallt fleiri ókostir. Viðhald dísilvélanna er meira og kostnaðarsamara og því oft erfitt að vinna upp muninn á kaupverði og viðhaldi og réttlæta það með minni eyðslu.

### Liggur eins og klessa

Annar kostur sem bensínbíllinn hefur fram yfir dísilbílinn er þyngdin að framan. Mjög greinilega fannst fyrir þeirri aukni þyngd sem fylgir dísilvélinni á nefi bílsins og því eru akstureiginleikar hans ekki eins miklir, þótt krafturinn sé talsvert

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

sínvél
fjöðrun

- Rými
- Akstursgeta
- Verð



meiri. Talandi um eiginleika bílsins kom það ferlega á óvart hversu bíllinn er góður í akstri og hann liggur svo vel á vegi að bros færðist breiðar og breiðar yfir ökumann eftir því sem hann var reyndur meira. Vart finnst fyrir hliðarhalla í bensínbílnum þótt frísklega sé ekið í beygjur og veggripið virtist endalaust. Á fjórhjóladrifið þar reyndar nokkurn hlut að máli. Þessi bíll er með alvöru fjórhjóladrifi sem nýtist vel hér á landi og flestir bílar Suzuki eru með eindæmum duglegir í snjó og það hjálpar þeim ávallt mikið hve léttir þeir eru. Gaman væri að prófa þennan nýja SX4 í snjó, með sín fáu 1.200 kíló og 17 cm veghæð. Tilfinning fyrir vegi er mikil og stýring nákvæm og allt verður þetta til þess að mjög gaman er að keyra bílinn. Ekki skaðaði reyndar að leiðin lá um gullfalleg vínræktarsvæði Freixenet og Codorníu, líkt og staddur væri í ævintýri. Fjöðrun bílsins er skemmtilega stillt og á óvart kemur hversu stíf hún er, sem eykur akstursgetuna, en fyrir vikið finnur ökumaður meira fyrir undirlaginu og hann heggur t.d. meira fyrir vikið á ójöfnum, sérstaklega að aftan. Fannst það vel á þeim fáu hraðahindrunum sem á vegi okkar reynsluökumanna urðu og mættu borgaryfirvöld hér skreppa til Barcelona og nágrennis til að fræðast um óþurft þeirra.

**Mikið fyrir lítið**

Einn af allra stærstu kostum þessa nýja SX4 er hve mikill staðalbúnaður fylgir og er það greinilega meiningin hjá Suzuki að slá Nissan Qashqai við á því sviði, en samt vera ódýrari. Innrétting bílsins er falleg en laus við íburð. Eins og ávallt



Er nú kominn með 430 lítra skottrými.

með Suzuki-bíla er allt greinilega vel smíðað og víst er að bilanatíðni þessa bíls verður jafn lítil og í öðrum Suzuki-bílum, sem er einn aðalkostur Suzukibíla. Framsætin í þessum bíl eru voldug og flott og halda vel utan um ökumann. Aftursætin eru líka góð og þar sem reynsluökumaður var ávallt með fullan bíl fékkst mikil reynsla á þau. Reynsluakstursbílarnir voru allir með risastóra sóllúgu sem opnast meira en sést hefur áður, um 56 cm. Það varð til þess að oft voru aftursætisfarþegar baðaðir í spænskri sól og bíllinn varð sérlega bjartur fyrir vikið. Sóllúgan er þó valkostur. SX4 S-Cross er flott framlag í flokki minni jepplinga sem fellur í C-stærðarflokk bíla og afar sterkur keppinautur vinsælla bíla eins og Nissan Qashqai, Ford Kuga og Hyundai ix35. Að auki má búast við því að hann verði ódýrari en þeir allir.







Fallegt en látlaust innanrými og leiðsögukerfi er staðalbúnaður. Framsætin eru vígaleg og veita góðan stuðning.

## 200% aukning á sölu rafmagnsbíla í BNA

Um síðustu helgi var haldinn í þriðja sinn dagur rafmagnsbílsins í heiminum. Sérstök dagskrá var í einum 95 borgum í tilefni þessa, flestum þó í Bandaríkjunum og Kanada. Rafmagnsbílum hefur fjölgað mjög í Bandaríkjunum á síðustu árum og er meðaltalsaukningin 200%. Árið 2011 seldust þar 10.000 bílar, 34.000 árið 2012 og nú í ár hafa selst 87.000 rafmagnsbílar og enn eftir þrír mánuðir.

Í desember árið 2010 seldust 345 rafmagnsbílar vestanhafs, en 11.000 í síðasta mánuði. Nissan Leaf, til dæmis, hefur nú selst í 35.000 eintökum þar og aukningin á milli ára er 317%. Gerðir



Nissan Leaf selst nú vel í Bandaríkjunum.

rafmagnsbíla eru að sama skapi mun fleiri, en þær voru aðeins sjö árið 2010, þrettán árið 2011, tuttugu í fyrra og 28 í ár. Svo virðist því að í bensínlandinu fræga eigi rafmagnsbílar nú mjög upp á pallborðið, enda víða miklir hvatar í boði við kaup á slíkum bílum.

AUGLÝSING: DEKKJAHÚSIÐ KYNNIR

# DEKKJAHÚSIÐ – ÁRSGAMALT HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI Í DALBREKKU EN MEÐ 30 ÁRA REYNSLU

Dekkjahúsið er nýtt og glæsilegt hjólbarðaverkstæði í Kópavogi sem var opnað síðastliðið haust. Ekki verður annað sagt en Dekkjahúsið hafi fengið góð viðbrögð þetta fyrsta ár. Eigendur Dekkjahússins eru Kópavogsbúarnir og feðgarnir Eiður Örn og Einir Logi og þeir leggja allt kapp á að veita úrvals þjónustu. Dekkjahúsið býður almenna hjólbarðaþjónustu og sérlega gott úrval af hjólbörðum. Veturinn nálgast nú óðum og mikilvægt er að velja réttu vetrardekkin undir bílinn og það fyrr en seinna.

**Lengi í bransanum**

En hvernig kom það til að þeir opnuðu hjólbarðaverkstæði í Kópavogi? „Eiður Örn hefur starfað í bransanum til 30 ára, en við ákváðum að skella okkur út í eigin atvinnurekstur," segir Einir Logi. „Við fjárfestum í framhaldinu í gamla húsnæði Toyota í Auðbrekku 19, Dalbrekkumegin, þar sem þeir voru með notuðu bílana í mörg ár." Við erum því í næsta nágrenni við nýopnaða Bónusverslun, Lyfju og fleiri góð fyrirtæki sem hafa verið að koma sér hér fyrir á svæðinu. Þeir feðgar innréttuðu húsnæðið upp á nýtt og opnuðu síðastliðið haust glæsilegt hjólbarðaverkstæði. „Við erum mjög ánægðir með nýja húsnæðið og getum tekið við fjölda bíla þar sem aðkoman er gríðarlega góð, með stórt og mikið plan fyrir framan," segir Einir.

**Mikil reynsla og feykigóð aðstaða**

Dekkjahúsið býður upp á hjólbarðaþjónustu fyrir fólksbíla, sendibíla og jeppa. „Við erum vel búnir tækjum og getum tekið við öllum tegundum bíla," segir Eiður en starfsmenn Dekkjahússins eru reynslumiklir menn. Veturinn nálgast og þið bjóðið upp á gott úrval vetrardekkja? „Já, það gerum við. Við erum í samstarfi við stóra birgja í Evrópu og hérna innanlands og þar af leiðandi getum við útvegað dekk frá mörgum framleiðendum. Við þurfum því ekki að afmarka okkur við eitt eða tvö merki heldur getum boðið upp á gott úrval. Við höfum að auki kynnt til sögunnar ný og öflug merki á Íslandi sem heita Novax og Hifly," segir Eiður.

**Mæla með heilsársdekkjum**

Og það er mikilvægt að vanda valið og velja góð vetrardekk, en hvort mælið þið með nagla- eða heilsársdekkjum? „Við teljum það gott sparnaðarráð að nota heilsársdekk enda hafa undafarnir vetur verið mildir á höfuðborgarsvæðinu. Nagladekkin koma sér þó vissulega vel ef fólk er reglulega að fara út fyrir höfuðborgarsvæðið, en flestir eiga að geta komist ferða sinna greitt og örugglega innanbæjar á góðum heilsársdekkjum."

**Mjög hagstætt verð**

Og er verðið viðráðanlegt? „Við bjóðum einkar hagstætt verð en erum ekki að fara í neitt verðstríð," segja feðgarnir brosandi. „Við eigum stóran hóp viðskiptavina sem hafa skipt við okkur til margra ára. Við bjóðum þá velkomna á nýja staðinn ásamt öllum öðrum viðskiptavinum," segir Eiður Örn. Er hægt að koma með notuð dekk til



Dekkjahúsið – feðgarnir Eiður Örn og Einir Logi að störfum í Dalbrekkunni.

ykkar sem sett eru upp í ný dekk? „Við tökum notuð dekk upp í ný og kappkostum að þjónusta okkar viðskiptavini með þeirra þarfir," segir Einir og leggur áherslu á að þeir leggi sig alla fram við að veita 100% þjónustu. „Ef rétta dekkjastærðin er ekki til útvegum við hana að utan eða héðan heima og við erum einnig með dekkjahótel þar sem fólk getur geymt dekk sín milli árstíða. Einnig erum við í tengslum við Polýhúðun sem gerir upp felgur og á meðan getur fólk fengið dekk á felgum lánuð hjá okkur á meðan", segir Eiður.

**Mæta tímanlega fyrir veturinn**

Eins og áður segir styttist í veturinn. Ekki er verra að vera tímanlega á ferð til að lenda ekki í örtröð þegar fyrsta snjónum kyngir niður? „Það er rétt. Það styttist í veturinn og við skorum á alla að sýna fyrirhyggju og koma til okkar fyrr enn seinna og láta skella vetrardekkjunum undir. Það er ekki gaman að þurfa að bíða í biðröð í langan tíma þegar fyrsti snjórinn kemur." Og þið hvetjið Kópavogsbúa og nágranna að koma við? „Að sjálfsögðu. Við hvetjum alla Kópavogsbúa og nágranna að koma og kynna sér það sem við höfum upp á að bjóða, þeir sjá ekki eftir því," segja þeir feðgar, sem bjóða upp á nýmalað kaffi og kleinur á meðan fólk bíður eftir bíl á nýjum dekkjum.

# Flottur Chrysler ME-Four Twelve sem aldrei varð að veruleika

Árið 2004 þegar Chrysler tilheyrði Daimler-samsteypunni, sem er móðurfélag Mercedes Benz, urðu til nokkrir spennandi bílar á teikniborði Chrysler. Sumir þeirra fóru í framleiðslu, eins og Chrysler 300C, Chrysler Crossfire og fjölnotabíllinn Chrysler Pacifica. Aðrir náðu því bara að vera smíðaðir sem tilraunaeintök og þessi flotti Chrysler ME-Four Twelve Concept var einn þeirra. Hann var sannkallaður ofurbíll með V12 tólf strokka vél frá Mercedes Benz sem var miðjusett í bílnum. Hann var fær um að ná 100 km hraða á 2,9 sekúndum og 160 km hraða á 6,2 sekúndum með sín 850 hestöfl. Hann hefði hæglega getað keppt við ofurbíla þess tíma eins og Ferrari Enzo. Sprengirými vélarinnar, sem var frá AMG-hluta Benz, var sex lítrar.

Bíllinn var afturhjóladrifinn og tengdur við 7-gíra skiptingu sem skipta mátti með flipum á stýrinu. Yfirbygging bílsins var að mestu úr koltrefjum og áli og vóg bíllinn aðeins 1.310 kíló, þótt nokkuð stór væri, en var þó aðeins ætlaður tveimur farþegum. Bíllinn fór samt aldrei í framleiðslu. Daimler varð síðan að selja Chrysler með umtalsverðu tapi og eignarhaldið var álitið mikil mistök. Þó hagnaðist Chrysler árin 2004 og 2005, en eftir það fór að síga á ógæfuhliðina.


Þessi bandaríski bíll hefði verið verðugur keppinautur Ferrari Enzo.


Range Rover selst sem aldrei fyrr.

# Land Rover hefur ekki undan

Þeir eiga aldeilis við gott vandamál að stríða hjá Land Rover-fyrirtækinu. Þar á bæ hafa menn ekki undan að smíða hinar nýju gerðir bíla sinna og til dæmis er níu mánaða bið eftir Range Rover Sport, en aðeins minni biðröð er eftir stærri bróður hans, Range Rover, eða sex mánuðir. Báðir eru þessir bílar af tiltölulega nýrri gerð og líka svona vel. Þrátt fyrir að Range Rover kosti 55 milljónir í Kína eru margir vel stæðir Kínverjar svo viljugir að krækja í bílinn að þeir eru tilbúnir að borga tíu milljónir króna ofan á það til að komast fremst í röðina og fá bílinn afhentan fljótt.

Vandi Land Rover-fyrirtækisins er sá að ómögulegt er að auka framleiðsluna mikið meira en nú er, því í verksmiðjunni í Solihull þar sem bíllinn er framleiddur, er unnið 24 klukkutíma sólarhringsins og erfitt að finna fleiri tíma í honum. Einnig er örðugt fyrir Land Rover að fá fleiri vélar afgreiddar í bílana því þær eru frá Ford og þar er einnig erfitt að auka framleiðslugetuna. Því sitja Land Rover-menn uppi með vandamál sem erfitt er að leysa, en margur bílaframleiðandinn vildi einmitt sitja uppi með svona vandamál.


Volkswagen XL1 fær nú krafta í kögglum.

# Volkswagen XL1 með Ducati-mótorhjólavél

Eins lítra bíll Volkswagen, XL1, sem fyrirtækið er um það bil að afhenda fyrstu eintök af til eigenda sinna, er einn sparneytnasti bíll heims. Hann eyðir aðeins 0,9 lítrum á hverja hundrað kílómetra og slær við upphaflega markmiðinu með smíði bílsins, að framleiða bíl sem eyðir einum lítra. Sá bíll er með 47 hestafla tveggja strokka vél og 27 hestafla rafmótor að auki. Volkswagen ætlar greinilega ekki að bjóða hann eingöngu í þessari útfærslu því á leiðinni er XL1 með 195 hestafla mótorhjólamótor sem fenginn er frá Ducati.

Volkswagen þarf ekki að leita langt yfir skammt til að fá þessa vél frá Ducati, því ítalski mótorhjólaframleiðandinn er í eigu Volkswagen. Þessi öflugi mótor Ducati er með 1.199 cc sprengirými og snýst upp í 11.500 snúninga á mínútu. Þessi mótor hefur verið notaður í Ducati Panigale-ofurhjólið og ætti að duga þessum smáa og létta XL1 vel á sprettinum. Með því að losna við þungar rafhlöðurnar og fá í staðinn þennan létta mótor ætti þessi bíll að verða alger raketta.



## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**7 MANNA - DÍSEL**
KIA CARENS. Árgerð 2007,ekinn aðeins 83þ. km. sjálfskiptur, leður, er á staðnum. Verð 2.480.000. Rnr.103575.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

HEIMSBÍLAR



VW Passat comfortline. Árg. 2005, ek. 93 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. nýtt í bremsum, ný tímareim. tilboðsverð 1.490.000. Rnr.321508.



MMC Pajero bensín v-6 24v/langur. Árg. 1997, ek. 205 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.7 manna,ný skoðaður tilboðsverð. 290.000. Rnr.321787.



TOYOTA Land cruiser 150 VX. Árgerð 2012, ekinn 41 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. leður. Verð 10.750.000. Rnr.321723.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Ceed w/g lx 1.6 disel beinsk.. Árgerð 2012, ekinn 9 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.140374.



FORD Explorer xlt 4wd. Árgerð 2003, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.160373.



AUDI Q5 quattro. Árgerð 2009, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.990280.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

## Bílar til sölu




Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000



Toyota Rav 4 4wd Árg. 2002 Ek. 167.000 2.0l bsk, Leður, Hiti í sætum, Cd, Filmur, Samllitur, Spoiler/ varadekkjahlíf Krómuð sílsarör/hlífar á afturljós Vel með farinn og fallegur bíll Ásett verð skv toyota er 1090 þúsund Staðgreitt 790.000kr. Uppls. í s. 7751575.



Toyota LandCruiser 120vx ,09 dísel ek. 76.000 km. Verð 6.9 m. Ath skipti. Uppls. 895-9012.



**FOCUS TILBOÐ 325ÞÚS!**
Ford Focus árg. ,01 ek. 140þús beinssk. 5 dyra sk.'14 sparneytin, rúmgóður. TILBOÐ 325þús. S. 891 9847.

Til sölu Toyota Corola, árg. ,95. Skoðuð ,14. Þarfnast smá lagfæringar. Verð 50 þús. staðgreitt. s. 8645290.

## 250-499 þús.



**MJÖG SPARNEYTINN OG ÓDÝR!**
Hyundai Getz 1.6 árg ,03 ek. 195þús. 5dyra. sko ,14. beinskiptur. topplúga. nýleg heilsársdekk. samlæsingar. mjög vel með farinn bill sem að eyðir mjög litlu ! Tilboðsverð 520þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696



**SPARNEYTINN 4X4 JIMNY**
Suzuki Jimny 1.3 árg ,99. ek. aðeins 124þús. beinskiptur. 4x4. hátt og lágt drif. millikassi. nýleg heilsársdekk. samlæsingar. mjög gott viðhald. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



**YARIS 2006 Á 590 ÞÚS!**
TOYOTA YARIS 2006 ek 169 þús, 3ja dyra, skoðaður 14, í góðu lagi en er smá útlitsgallaður, ásett verð 950 en fæst á 590 þús möguleiki á 100% visa/mastercard s.841 8955



**CHEROKEE LTD - FRÁBÆR BÍLL!**
Jeep Grand Cherokee Limited 4.7 ekinn 119þús m. sjálfskiptur, 4x4, dráttarkrókur, leður, topplúga, Bilstein fjöðrun, skoðaður, lítur mjög vel út og í góðu ástandi. Verð aðeins 690þús. möguleiki á 100% vísa/euro láni. skoða skipti. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**!!! 0-300ÞÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 300þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

BÍLFIX
Allar almennar bílaviðgerðir Á BETRA VERÐI!
778-3911
Smiðjuvegur 26 Rauð gata Kópavogi

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Garðyrkja

**ER ÖSPIN TIL AMA ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**ÓÝRAR GARÐKLIPPINGAR**
Nú er rétti tíminn fyrir garðklippingar. Fáðu verðtilboð. Engi ehf Sími: 615-1605.

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Framsmiði ehf
Alhliða fasteignaviðhald fyrir húsfelög, einstaklinga og fyritæki

Gluggaskipti
Glerskipti
Þakviðgerðir
Sólpallar
Innréttingar
Parketlögn
Nýbyggingar
Öll trésmiði

Útvegum einnig aðra iðnaðarmenn

Hringdu núna og við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu
Sími: 861-4511
framsmidi@framsmidi.is
www.framsmidi.is

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun



Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355




## Spádómar

Spái: í spil, bolla, lófa og rúnir. Kr. 5000. Tímapantanir í síma 845 8896.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@ gmail.com

**AH-RAF**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

Uppsteypa mannvirkja og almenn húsasmíði.
Dynkur ehf
S. 894 2454 Ragnar

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum hugmyndum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Eik design. Krúttlegir kjolar í Svörtu/ vínrauðu og dásamlega bláu. Sími 695-6679 Facebook: Beauty in Black.



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

Háþrýstiþvottur og Sandblástur
á nánast hverju sem er
Öflug tæki – GOTT VERÐ
s: 860 2130

## fasteignir


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Hljóðalind 12- Kópavogi**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 -18.00**





Glæsilegt 138,4 fm. raðhús á einni hæð með innbyggðum 23,5 fm. bílskúr á frábærum og afar eftirsóttum stað í Kópavogi. Eignin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta með innréttingum, innihurðum og gólfefnum úr rauðeik. Aukin lofthæð er í öllu húsinu með innfelldri lýsingu. Rúmgott eldhús. Stofa með útgangi á verönd til austurs og suðurs. 3 herbergi. Hellulögð innkeyrsla og stéttar.
**Verð 46,9 millj** *Verið velkomin.*


## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

**Breyting og lagfæring á Dimmuborgavegi í Mývatnssveit, Skútustaðahreppi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til **4. nóvember 2013.**

**Skipulagsstofnun**


### Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann miðvikudaginn 2. október 2013 kl. 20.00 í Húsi meistaranna að Skipholti 70

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**
- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Grafísk hönnun
- Orkutækni

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

LILLEBÆLT

Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk




## KEYPT & SELT

### Til sölu




**MILD MORGUN- OG KVÖLDBIRTA**
Fallegir saltkristalslampar í miklu úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18. Sími 517-8060. www.ditto.is

### Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi





## Verslun

**Kynlíf er GOTT!**
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort. Sendum um allt land www.hush.is

## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

### Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

## Þjónusta



**DÁLEIÐSLA - EFT,**
Einkatímar, reykstopp með árangri, sjálfsefling , losun streitu og kvíða Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

3 herb. + eldhús. Klósett og sturta í sameign, tilbúin strax. Áhugasamir sendið á email: eyjolfurbe@simnet.is

### Húsnæði óskast

**FÁTÆKUR NÁMSM. STRAX.**
Óska að taka á leigu bjarta 2 herb. íbúð á rólegum stað með geymslu og aðgangi að garði. Reglusemi og skilvísar greiðslur. S:663-7569.

## Atvinnuhúsnæði

75 fm verslunarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Uppl. í síma 6989030

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Wilson's PIZZA

**WILSON'S PIZZA LEITAR AF STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖÐUR.**
Pizzabakara - símsvörun og fullt starf í afgreiðslu í lúgu (Drive in Vesturlandsvegi) -
**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá á netfangið: atvinna@wilsons.is**

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Íslenskumælandi skilyrði. Barðinn, Skútuvogi 2 S. 568 3080.

**BAKARÍ**
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 06-13. Uppl. á staðnum eða í s. 551 1531, f.h. Ingunn. Björnsbakarí, við Skúlagötu.

### Atvinna óskast

**HÚSASMIÐUR**
Fjölhæfur smiður óskar eftir vinnu. Upplýs. 5348555.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál


**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## fasteignir


**Fasteignasala Kópavogs**
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta



Guðmundur Þórðarson
Hdl. lögg. fasteignasali

### Geislalind



**Fallegt og vel skipulagt 5-6 herbergja 223fm. Parhús á tveimur hæðum í Lindarhverfi í Kópavogi.Um er að ræða vel skipulagða eign í góðu hverfi þar sem stutt er að sækja alla þjónustu. Einstaklega skemmtilega hannað hús. Stutt er í skóla, leikskóla og aðra þjónustu.**
**Verð aðeins 63.000.000.kr**
**Allar upplýsingar veitir Anton í síma 517 2600 / 771 8601 eða anton@fastko.is**

### Þingholsbraut



**Snyrtilegt 163 fm. einbýli á einni hæð og séríbúð í vesturbæ Kópavogs þar sem stutt er í skóla og aðra þjónustu. Húsið skiptist í tvær stofur, eldhús, tvö stór herbergi og snyrtingu. Aukaíbúð skiptist í stofu, eldhús, herbergi og snyrtingu. Góð leigueining.**
**Verð aðeins 39.900.000.kr**
**Allar upplýsingar veitir Anton í síma 517 2600 / 771 8601 eða anton@fastko.is**

**Vegna mikilar sölu að undanförnu vantar eignir til sölumeðferðar í Kópavogi, Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfirði fyrir ákveðna viðskiptavini.Trygg og góð þjónusta. Nánari upplýsingar veitir Anton Karlsson í síma 517 2600/7718601 eða anton@fastko.is**



Anton Karlsson
Sölufulltrúi
771 8601

**Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600**

# KYNFERÐISOFBELDI GEGN FÖTLUÐU FÓLKI

## Málþing á Grand Hóteli Reykjavík

Fimmtudaginn 3. október 2013 kl.13:00 – 17:00

| | |
|---|---|
| 13:00 | **Setning málþings** |
| | Steinunn Þóra Árnadóttir, fundarstjóri |
| 13:10 | **Ávarp** |
| | Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra |
| 13:25 | **Bætt þjónusta Stígamóta við fatlað fólk** |
| | Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta |
| 13:45 | **Ofbeldi gegn fötluðum konum, nýjar íslenskar rannsóknir** |
| | Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Rannsóknasetri í fötlunarfræðum |
| 14:05 | **Kaffihlé** |
| 14:35 | **Verum örugg** |
| | María Jónsdóttir, félagsráðgjafi |
| 14:50 | **Að öðlast vald yfir eigin lífi** |
| | Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, formaður NPA miðstöðvarinnar |
| 15:15 | **Ofbeldi gegn fötluðu fólki: Hvað segja erlendar rannsóknir?** |
| | Rannveig Traustadóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum |
| 15:35 | **„Köggullinn er fastur í sálinni“** |
| | Eva Þórdís Ebenezersdóttir, Ágústa Björnsdóttir og María Hreiðarsdóttir |
| 15:50 | **Samantekt og almennar umræður** |
| 16:30 | **Málþingi slitið** |

**Rit- og táknmálstúlkar verða á staðnum**

Velferðarráðuneytið · Stígamót · Jafnréttisstofa · Háskóli Íslands Rannsóknasetur í fötlunarfræðum · Landssamtökin Þroskahjálp · Ás styrktarfélag · Reykjavíkurborg · NPA miðstöðin · Öryrkjabandalag Íslands · Kvennaathvarf · Mannréttindaskrifstofa Íslands Icelandic Human Rights Centre · Þroskaþjálfafélag Íslands

**Verið öll velkomin – Aðgangur ókeypis – Skráning á www.throskahjalp.is**




## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 8 | | | 1 | | 6 | 2 |
| | | 1 | | | | | | 8 |
| 4 | | 5 | | 8 | | 7 | | |
| | | 6 | 8 | 4 | 5 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | 3 | 5 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 9 | 7 | | | | | 5 | 4 | 1 |
| 5 | | | 1 | | | | 2 | |
| | | | | 3 | | | 9 | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 1 | 6 | 7 | | 4 | | | 5 | 9 |
| | 2 | 5 | | 9 | | 1 | | |
| | 1 | 9 | 7 | | | | 6 | 5 |
| 4 | | | | 6 | | | | |
| | | | | | | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | | | 9 | |
| | | | | 5 | 9 | 3 | | |
| | | | | | | | | 8 |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | 5 | 7 | 1 | |
| 7 | | 9 | | | 1 | | 5 | 8 |
| | | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | 6 | | | 4 | | 2 | | |
| 9 | | | 3 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | | | | |
| | | | 8 | | 3 | | 9 | |
| | | | 1 | 6 | | | | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 8 | 2 | 3 | 1 |
| 1 | 7 | 3 | 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 8 | 5 | 6 | 4 | 9 | 1 | 7 | 2 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 1 | 9 | 5 | 3 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 2 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 3 | 5 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 1 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 4 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 5 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 3 | 2 |
| 1 | 9 | 2 | 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 2 | 3 | 8 | 5 | 4 | 9 | 6 | 7 | 1 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 1 | 3 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 1 | 6 | 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 1 | 9 | 8 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 |
| 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







## SPAKMÆLI DAGSINS

Af sárri reynslu vitið vex.

*Íslenskur málsháttur.*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** eyja, **6.** upphrópun, **8.** stroff, **9.** upphaf, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** einkennis, **16.** klukka, **17.** afbrot, **18.** tæki, **20.** fyrir hönd, **21.** stefna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, **3.** frá, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** planta, **10.** hestaskítur, **13.** loft, **15.** listi, **16.** á sjó, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** oj, **8.** fit, **9.** rót, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** úr, **17.** sök, **18.** tól, **20.** pr, **21.** ismi. **LÓÐRÉTT: 1.** torf, **3.** af, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** jólarós, **10.** tað, **13.** gas, **15.** skrá, **16.** úti, **19.** lm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Þorsteinn Þorsteinsson átti glæsiskák gegn sænska alþjóðlega meistaranum Michael Wiedenkeller árið 1988 í Svíþjóð.**

**Svartur á leik**



**27...Rxe3! 28. fxe3** (Ef 28. Dxf6 þá 28...Rg4+ og svo 29...Rxf6) **28... Hxe3+ 29. Kf2 d4 30. Dc2 Bg4 31. Dd1 Df4 32. Be2 Hae8 33. Rb2 Dg3+ 34. Kf1 Bxf3 35. gxf3 Hxe2! 36. Hxe2 Dxf3+.** Hvítur gafst upp. Mjög snaggaralega teflt hjá Þorsteini. **www.skak.is.** EM ungmenna í fullum gangi

Þú styrkir Bleiku slaufuna með því að kaupa bleikar skrifstofuvörur hjá A4. 30% af söluágóða rennur til Krabbameinsfélags Íslands. Leggðu góðu málefni lið og hafðu skrifstofuna bleika í október.

Bleika slaufan fæst hjá A4




www.a4.is / sími 580 0000 / panta@a4.is

**A4** Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

**A4** Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi

A4

# Tilnefnd til alþjóðlegra verðlauna

**Guðlaug Geirsdóttir listakona var tilnefnd til verðlauna á alþjóðlegu listahátíðinni CERCO, sem haldin var nýlega í Zaragoza á Spáni.**

Listaverkið Ice Cliff eftir Guðlaugu Geirsdóttur keramiklistamann er eitt af 22 umhverfisverkum sem eru tilnefnd til verðlauna á CERCO-listahátíðinni á Spáni í ár. Sýning á verkunum stendur nú yfir í Zaragoza. Guðlaug kveðst hafa sent rúmlega 30 cm háa tillögu eða „prótótýpu“ að verkinu sínu út en fullunnið yrði verkið um tveir metrar. „Í tillögunni er bara keramik og gler en ef verkið yrði unnið í fullri stærð þyrfti að setja það á grind,“ lýsir hún.

CERCO-listahátíðin er nú haldin í þrettánda sinn. Hún er einn stærsti viðburður Spánar á sviði keramiklistar og þetta er í annað sinn sem Guðlaug kemst þar í úrslit því hún var líka tilnefnd til verðlauna þar í fyrra.

Til þessa hefur sýningin verið haldin árlega en Guðlaug segir hana vera að breytast í tvíæring með ákveðið þema hverju sinni. Í þetta sinn var þemað „keramik og umhverfi“. „Nú var líka í fyrsta sinn talsvert um að hópar sendu inn verk en það hentaði mér ekki þar sem ég vinn ein,“ segir hún.

Guðlaug er Rangæingur, ólst upp að Steinum undir Eyjafjöllum, en er fyrir löngu flutt í bæinn. Hún útskrifaðist úr mótunardeild Myndlistaskólans í Reykjavík árið 2010 og hafði þá lokið námi í hönnun við Tækniskólann. Auk sýninganna á Spáni hefur hún haldið tvær einkasýningar hér á landi, aðra hjá Handverki og hönnun á Skörinni og hina í Þjóðmenningarhúsinu. Hún selur muni sína í Listasafni Íslands, Þjóðmenningarhúsinu, Landnámssetrinu í Borgarnesi og Borgarhóli á Seyðisfirði.

- gun



**LISTAKONAN** „Keramiklistin hefur þróast þannig hér á landi að mikið af framleiðslunni fer fram erlendis,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ICE CLIFF** Umhverfisverkið sem Guðlaug sýnir í Zaragoza á Spáni. MYND/ÁSA SIF ÁRNADÓTTIR

**KATLA FUND**
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002
(hereafter referred to as the "SICAV")

**NOTICE TO SHAREHOLDERS**

The Board of Directors decides to appoint, as from 1st October 2013, BLI-BANQUE DE LUXEMBOURG INVESTMENTS S.A. (7, boulevard Prince Henri, L-1724 Luxembourg) as the Management Company of the SICAV, in replacement of CONVENTUM ASSET MANAGEMENT (9, boulevard Prince Henri, L-1724 Luxembourg).

The intra-group change in management company shall not involve a fee increase for shareholders and no transfer fee will be charged.

Furthermore the shareholders are informed that Arnór Gunnarsson has left STEFNIR ASSET MANAGEMENT COMPANY HF and that the name of the persons in charge of the portfolio management of the SICAV's sub-funds with STEFNIR ASSET MANAGEMENT COMPANY HF are removed from the prospectus of the SICAV.

The updated prospectus is available free of charge at the registered office of the SICAV.

Luxembourg, 1st October 2013 The Board of Directors




# Minna hefði verið enn þá meira

TÓNLIST: ★★★★☆

**Fyrstu tónleikar Kammermúsíkklúbbsins í vetur.**

Verk eftir de Arriaga, Beethoven og Brahms. Sigrún Eðvaldsdóttir, Zbigniew Dubik, Ásdís Valdimarsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir léku.



**KVARTETT SIGRÚNAR EÐVALDSDÓTTUR** „...túlkunin sannfærandi, kraftmikil og ástríðuþrungin. Tæknileg atriði voru líka á hreinu...“ segir Jónas Sen.

Juan Cristostomo de Arriaga hét maður. Tónlist eftir hann var á dagskrá Kammermúsíkklúbbsins á sunnudagskvöldið. Ég býst ekki við að margir tónleikagesta hafi vitað hver hann var. Samt var hann undrabarn, sem samdi á táningsaldri þrjá glæsilega strengjakvartetta. En hann dó aðeins nítján ára gamall (árið 1826), sennilega úr berklum. Ef hann hefði lifað hefði hann líklega orðið eitt af stóru tónskáldum sögunnar.

Fjórir hljóðfæraleikarar hófu tónleikana með því að flytja strengjakvartett nr. 2 eftir tónskáldið. Þetta voru þau Sigrún Eðvaldsdóttir og Zbigniew Dubik fiðluleikarar, Ásdís Valdimarsdóttir víóluleikari og Bryndís Halla Gylfadóttir á selló. Tónlistin var létt og leikandi, en ekki frumleg nema upphafið á hæga kaflanum, sem vísaði fallega í spænska þjóðlagatónlist.

Hljóðfæraleikararnir voru í banastuði, spiluð skýrt og af öryggi, samhljómurinn var í prýðilegu jafnvægi, túlkunin lífleg. Engu að síður er ég á þeirri skoðun að þetta verk hefði ekki átt að vera á tónleikunum. Það var hreinn óþarfi. Ástæðan? Jú, strengjakvartett í a-moll op. 132 eftir Beethoven, sem var næstur á dagskrá. Þessi volduga, margslungna, ótrúlega hrífandi tónsmíð er svo mikilfengleg að ekkert annað hefði átt að vera á dagskránni fyrir hlé. Kvartett Beethovens krefst einbeitingar, og það er best að flytja hann þegar áheyrendur eru ferskir.

Spilamennskan var þó framúrskarandi. Samspilið var sérlega nákvæmt, og túlkunin fyllilega í anda verksins. Hún var full af átökum, en samt var þar auðfundin einhver hástemmd hugarró, sem kom við hjartað í manni. Beethoven átti bara tvö ár eftir ólifuð þegar hann samdi kvartettinn. Hann hafði verið veikur um tíma, en náð heilsu aftur. Hægi kaflinn ber yfirskriftina „Heilagur þakkaróður til Guðdómsins frá manni sem hefur fengið bata á ný…“ Kaflinn var svo fallega leikinn af fjórmenningunum að ég man varla eftir öðru eins á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins. Það var eitthvað alveg einstakt við flutninginn, sem ómögulegt er að koma orðum að hér.

Eftir hlé var á dagskránni strengjakvartett nr. 1 í c-moll eftir Brahms. Hann leið dálítið fyrir að vera síðastur á tónleikum sem voru óþarflega langir. En aftur var túlkunin sannfærandi, kraftmikil og ástríðuþrungin. Tæknileg atriði voru líka á hreinu, rétt eins og fyrir hlé. Þetta var flott!

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær flutningur en tónleikarnir í heild voru óþarflega langir.



# Tónleikar helgaðir trommara

Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Kaldalóni í Hörpu 2. október klukkan 21.

Efnisskrá tónleika Stórsveitar Reykjavíkur í Kaldalóni í Hörpu annað kvöld er helguð trommaranum Buddy Rich. Öll tónlistin er af Big Swing Face, einni af þekktustu plötu stórsveitar hans frá 1967. Platan var tekin upp á tónleikum á Chezklúbbnum í Hollywood, en stórsveit Buddy Rich höfðaði á þessu tíma sérstaklega til ungs fólks með þrumandi leik, kraftmiklum útsetningum og ungum, framúrskarandi hljóðfæraleikurum.

Þetta eru fimmtu tónleikar Stórsveitar Reykjavíkur þar sem teknar eru fyrir ákveðnar vel þekktar plötur stórsveitasögunnar. Stjórnandi er Sigurður Flosason.

→ Þetta eru fimmtu tónleikar Stórsveitar Reykjavíkur þar sem teknar eru fyrir ákveðnar vel þekktar plötur stórsveitasögunnar.

Sérstakur gestur í einu lagi verður söngkonan Sigríður Thorlacius. Hún mun flytja lag sem Cathy Rich, dóttir Buddy Rich, flutti á plötunni, þá tólf ára gömul.

Aðgangseyrir er 3.000 krónur en 2.000 fyrir námsmenn og eldri borgara. Miðasala er á harpa.is og í miðasölu Hörpu.



**STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR** Sveitin ætlar að leika kunn lög af miklum krafti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Opnað fyrir umsóknir

Eyrarrósin, viðurkenning til framúrskarandi menningarverkefna á starfssvæði Byggðastofnunar, verður veitt í tíunda sinn sinn í febrúar 2014. Það eru Byggðastofnun, Flugfélag Íslands og Listahátíð í Reykjavík sem staðið hafa saman að verðlaununum frá upphafi.

Handhafi Eyrarrósarinnar hlýtur 1.650.000 krónur og flugferðir frá Flugfélagi Íslands. Aðrir tilnefndir hljóta 300.000 krónur auk flugferða. Umsækjendur um Eyrarrósina geta meðal annars verið stofnun, tímabundið verkefni, safn eða menningarhátíð. Valnefnd tilnefnir þrjú verkefni og hlýtur eitt þeirra Eyrarrósina. Dorrit Moussaieff forsetafrú er verndari Eyrarrósarinnar.

Umsóknarfrestur um Eyrarrósina 2013 er til 15. nóvember 2013. Nánari upplýsingar eru á vef Listahátíðar í Reykjavík, www.listahatid.is.





**SÝNIR Á BÓKASAFNI** Guðjón Róbert Ágústsson opnar ljósmyndasýningu á föstudag.

## Ljósmyndasýning í Hveragerði

Sýning á ljósmyndum eftir Guðjón Róbert Ágústsson verður opnuð föstudaginn 4. október á Bókasafninu í Hveragerði. Flestar myndirnar eru teknar á síðustu þremur árum og sýna fjölbreytileika í íslenskri náttúru.

Róbert hefur unnið við ljósmyndun síðan í maí 1965 þegar hann hóf störf á ljósmyndadeild Dagblaðsins Tímans við prentmyndagerð og blaðaljósmyndun. Hann vann á Tímanum og NT fram í júní 1984. Frá þeim tíma hefur hann unnið sjálfstætt sem ljósmyndari og blaðamaður. Róbert hefur búið í Hveragerði síðastliðin tvö ár.

Sýningin verður opin á opnunartíma bókasafnsins, virka daga frá klukkan 13 til 18.30 og laugardaga frá klukkan 11 til 14.




H:N Markaðssamskipti / SÍA
Íslandsbanki HjartaHeill Neistinn

Reykjavík International Film Festival 26. SEPT. - 6. OKT. 2013



**EIGINKONUR MARI-ÞJÓÐARINNAR** Myndin er ævintýralegt safn 22 örsagna.

# Litríkt ævintýri

BÍÓ ★★★★☆

**Nebesnye Ženy Lugovykh Mari / Himneskar eiginkonur Mari-þjóðarinnar á engjunum**

Leikstjóri: Aleksey Fedorchenko

**RIFF-HÁTÍÐIN**

Kvikmyndin inniheldur 22 örsögur sem allar fjalla um konur er tilheyra finnsk-úgríska þjóðarbrotinu Mari. Sögurnar eru misskemmtilegar, sumar eru hreint frábærar og aðrar minna frábærar, eins og gengur og gerist. Konur eru í forgrunni hverrar sögu, sem eru innblásnar af hefðum, ævintýrum og þjóðsögum Mari-þjóðarinnar. Kvikmyndin er sérstaklega litrík og sjónræn – skotin eru mörg hver eins og falleg ljósmynd eða listaverk. Leikkonurnar eru misreyndar á sviði leiklistar, sumar eru menntaðar leikkonur, aðrar algjörlega óreyndar, en allar sýna þær frábæran leik.

Sara McMahon

**NIÐURSTAÐA:** Litrík og falleg mynd. Sögurnar eru misskemmtilegar en í heildina er myndin vel gerð og áhugaverð.

# Kvikmyndahandrit varð til eftir tónleika Hjaltalín í Tékklandi

Myndin Days of Gray er sýnd á RIFF. Hjaltalín samdi tónlistina fyrir myndina.

Bandaríski leikstjórinn Ani Simon-Kennedy frumsýnir kvikmyndina Days of Gray á kvikmyndahátíðinni RIFF. Þetta er fyrsta kvikmynd hennar í fullri lengd og var hún tekin upp hér á landi síðasta sumar. Hljómsveitin Hjaltalín semur tónlistina fyrir kvikmyndina, en tónlist sveitarinnar var jafnframt hvatinn að gerð hennar.

Days of Gray gerist í fjarlægri framtíð og segir frá einstakri vináttu drengs og stúlku. Myndin er laus við öll samtöl og því spilar tónlist hljómsveitarinnar veigamikið hlutverk í henni.

„Hugmyndin var að tónlist Hjaltalín kæmi í stað „díalógs“. En mig langaði einnig til að myndin yrði virðingavottur við tíma þöglu kvikmyndanna og afturhvarf til þess tíma þegar fólk naut kvikmynda við lifandi undirspil,“ útskýrir Kennedy, sem er stödd á Íslandi um þessar mundir í tengslum við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF.

Hugmyndina að myndinni má rekja til tónleika sem Kennedy fór á fyrir þremur árum. „Ég var í kvikmyndaskóla í Prag og kynntist þar Hrafni Jónssyni, sem skrifaði handritið að myndinni með mér. Eitt kvöld spurði hann mig hvort ég vildi fara á tónleika með íslenskri hljómsveit. Ég kíkti með honum og varð algjörlega dolfallin yfir tónlistinni, hún var svo falleg og sjónræn,“ rifjar Kennedy upp.

Tveimur árum eftir tónleikana fékk Kennedy styrk til að gera kvikmynd í fullri lengd og hafði í kjölfarið samband við umboðsmann Hjaltalín. Hún segir meðlimi sveitarinnar hafa tekið vel í hugmyndina og úr varð Days of Gray. Tökur á myndinni fóru fram á Reykjanesi í fyrrasumar og samanstóð tökuliðið af Íslendingum, Bandaríkjamönnum og Frökkum. „Það voru þrjú tungumál töluð á tökustað, sem mér þótti skemmtilegt í ljósi þess að myndin gerist í heimi án tungumáls.“

Kennedy bjó í París til átján ára aldurs og segist aðspurð alls óskyld hinni frægu Kennedy-fjölskyldu. „Ég er ekki skyld þeim. Föðurafi minn hét Katz en breytti nafni sínu í Kennedy eftir stríð. En ég fæ þessa spurningu mjög oft,“ segir hún og hlær.

Days of Gray verður sýnd með lifandi undirspili Hjaltalín í Gamla bíói á föstudag klukkan 21. -sm



**GERÐI MYND MEÐ HJALTALÍN** Leikstjórinn Ani Simon-Kennedy gerði kvikmyndina Days of Gray sem sýnd verður á RIFF. Hjaltalín samdi tónlistina fyrir myndina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ Kennedy var lærlingur tökumanns við kvikmyndina Midnight in Paris eftir Woody Allen. Hún er mikill aðdáandi leikstjórans og greip tækifærið þegar staðan var auglýst.






**ARCADE FIRE** Kanadíska hljómsveitin kom fram í Saturday Night Live. NORDICPHOTOS/AFP

## Arcade Fire spilaði ný lög

Kanadíska hljómsveitin Arcade Fire kom fram í bandaríska grínþættinum Saturday Night Live á laugardagskvöld. Þetta var fyrsti þáttur vetrarins.

Í þættinum spiluðu Win Butler og félagar lagið Afterlife og tóku einnig þátt í ýmsum grínatriðum. Að því loknu tók við hálftíma dagskrárliður sem Roman Coppola leikstýrði og var tekinn upp í Montreal. Þar var sviðsljósinu beint að Arcade Fire og spilaði hljómsveitin nokkur ný lög. Óvæntir gestir voru Bono, Michael Cera, Ben Stiller og James Franco. Fjórða plata Arcade Fire, Reflektor, kemur út 28. október.

## Kanye West ber við sjálfsvörn eftir kæru

Kanye West ber við sjálfsvörn eftir að hafa verið kærður fyrir líkamsárás og þjófnað. Það var ljósmyndari sem kærði hann eftir að þeir áttust við fyrir utan flugvöll í Los Angeles í júlí síðastliðnum.

Rapparinn á að mæta í réttarsal 10. október þar sem kæran verður tekin fyrir. Í myndskeiði sést West reyna að hrifsa myndavélina af ljósmyndaranum sem féll þá til jarðar. Í svari sem lögfræðingur West sendi dómstólum segist rapparinn nauðsynlega hafa þurft að verja sjálfan sig og því fór sem fór. Ef hann verður fundinn sekur þarf hann að dúsa í fangelsi í mesta lagi í eitt ár.



**SJÁLFSVÖRN** Rapparinn segist hafa orðið að verja sig.

# Mamma er einstök

Rapparinn Drake heldur mikið upp á mömmu sína.

Rapparinn Drake segir að mamma sín sé mikilvægasta manneskjan í lífi sínu.

Árið 2013 vann tónlistarmaðurinn til Grammy-verðlauna fyrir bestu rappplötuna og gaf hann móður sinni verðlaunagripinn, sem hún geymir á góðum stað í eldhúsinu. „Það er ekki langt í að hún fari að setja upp hillur fyrir alla verðlaunagripina mína. Mamma mín er alveg ótrúleg kona. Ég rappa mikið um hana á nýju plötunni minni, Nothing Was the Same,“ segir Drake í viðtali við vefsíðuna Huffington Post.

**ELSKAR MÖMMU** Rapparinn Drake segir að mamma sín sé ótrúleg kona. NORDICPHOTOS/GETTY



// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKU

VERÐHRUN!

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALDREI MEIRA ÚRVAL AF FRÁBÆRUM PÖKKUM!

ALLIR SEM VERSLA FÁ GEFINS BÓK!

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-18 ALLA DAGA**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



Blíðfinnur • 3 bækur á aðeins

**1.500,-**



Stieg Larson-pakki • 3 bækur á aðeins

**1.500,-**



Krimmapakki • 4 bækur á aðeins

**1.500,-**



Stelpupakki • 3 bækur á aðeins

**1.500,-**




Dan Brown pakki • 4 bækur á aðeins

**1.500,-**



Bókaorma pakki • 5 bækur á aðeins

**1.500,-**




Íslenskur krimmapakki • 4 bækur á aðeins

**1.500,-**

## BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

# Æskuminning að hausti

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



Það er komið haust. Trén fella lauf sín, grasið fölnar og það kólnar í veðri. Mér þykir þessi árstími einstaklega fallegur, jafnvel þótt gömul æskuminning sæki ætíð á mig á haustin.

**MINNINGIN** stendur mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Ætli ég hafi ekki verið um tíu ára gömul og foreldrar mínir höfðu keypt á mig úlpu frá fatamerkinu Oilily í Dublin. Úlpan var hin fallegasta; rauðgul að lit, eins og blóðappelsína, og með fjólubláum rennilás. En sá hængur var á gjöf foreldra minna að ég mátti ekki klæðast henni nema við hátíðleg tækifæri. Úlpan var nefnilega hugsuð sem spariflík.

**EITT** kvöld, að kvöldmat loknum, fékk ég leyfi til að fara út að leika mér. Ég laumaðist til að klæða mig í Oilily-úlpuna og var við að hendast út um dyrnar þegar móðir mín kippir í hnakkadrambið á mér og skipar mér í gömlu úlpuna. Mér þótti þetta ömurlegt enda þráði ég ekkert heitar en að monta mig af nýju úlpunni. En móðir mín sat föst við sinn keip og eftir töluvert nöldur af minni hálfu lét ég loks undan.

**ÉG** arkaði fúl á móti út á leikvöll í gömlu, ljótu (að mér fannst) úlpunni og hitti þar vini mína. Stuttu eftir að leikar hófust hafði ég gleymt fýlunni og tekið gleði mína á ný. Í hamaganginum miðjum tók ég upp á því að príla upp í tré. Hátt, hátt upp og svo aftur niður. Á niðurleiðinni skrikaði mér þó fótur og ég féll á stéttina fyrir neðan mig. Lukkulega slapp ég að mestu með skrekkinn – nema ég hafði rifið gat á úlpuna mína og að auki lent ofan í svolitlum olíupolli.

**ÉG** man enn þann dag í dag hversu fegin ég var að hafa ekki farið út í spariflíkinni – það hefði verið hræðilegt að eyðileggja hana svona stuttu eftir montið. En það var einmitt á þessari stundu sem ég áttaði mig á því að móðir mín hafði haft rétt fyrir sér. Og það rifjast upp fyrir mér á hverju hausti.


## DAGSKRÁ ÞRIÐJUDAGUR 1. OKTÓBER

www.riff.is

26.9–6.10 2013 RIFF ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Í TÍU ÁR

HÁSKÓLABÍÓ – TJARNARBÍÓ – NORRÆNA HÚSIÐ

Reykjavík International Film Festival 10

| TÍMI | STAÐUR | MYND |
|---|---|---|
| 13.00 | Tjarnarbíó | SRF FLB : Sjóræningjaflóinn fjarri lyklaborðinu |
| 14.00 | Norræna húsið | Íslenskar stuttmyndir 3 |
| 15.00 | Tjarnarbíó | Framtíðin ástin mín |
| 16.00 | Norræna húsið | Nakin ópera |
| 17.00 | Tjarnarbíó | Leiðangur á enda veraldar **Q&A** |
| | Háskólabíó 1 | Landfræðingurinn sem drakk burtu hnöttinn sinn |
| | Háskólabíó 2 | Litla Odessa |
| | Háskólabíó 3 | Til suðurs **Q&A** |
| 18.00 | Norræna húsið | Mitt Afganistan - lífið innan bannsvæðisins |
| | Háskólabíó 4 | Slysaskot |
| 19.15 | Háskólabíó 1 | Innflytjandinn **Q&A** |
| | Háskólabíó 3 | Frjálst fall |
| 19.30 | Tjarnarbíó | Íslenskar stuttmyndir 1 **Q&A** |
| 20.00 | Norræna húsið | Valentínusarvegur |
| | Háskólabíó 4 | Betlehem |
| 21.00 | Háskólabíó 3 | Þegar kvölda tekur í Búkarest eða Efnaskipti |
| 21.15 | Háskólabíó 2 | Aska |
| 22.00 | Háskólabíó 1 | Vindurinn rís |
| | Norræna húsið | Elena |
| | Háskólabíó 4 | Ferðalangur |
| 23.00 | Háskólabíó 3 | Aðeins elskendur eftirlifandi |
| 23.30 | Háskólabíó 2 | Týnda myndin |



### TIL SUÐURS Q&A
17.00 – Háskólabíó 3

Ellen, prófessor í frönskum bókmenntum í Boston, Brenda, heimavinnandi húsmóðir frá Savannah í Georgíu-fylki og Sue, vinnukona í verksmiðju frá Québec í Kanada, eru allar einmana og finnst þær vera hunsaðar af miðaldra mönnum heima fyrir. Þær ferðast til hættulegs heims Haítí níunda áratugarins til þess að njóta sín í orlofi fullu af sól, brimi og kynlífi með aðlaðandi unglingum af svæðinu sem þær eru örlátar gagnvart peningalega.

RÚV DHL WOW air Síminn NORRÆNA HÚSIÐ MEDIA EUROPE LOVES CINEMA



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| RUNNER RUNNER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| RUNNER RUNNER LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| RIDDICK | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| HROSS Í OSS | KL. 4 - 6 - 8 | 12 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 3.30 | L |
| BLUE JASMIN | KL 5.45 | 10 |
| MALAVITA | KL 8 | 16 |
| THIS IS US 3D | KL 3.30 | L |
| ELYSIUM | KL. 10.25 | 16 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

RIFF Í HÁSKÓLABÍÓ
UPPLÝSINGAR UM SÝNINGARTÍMA Á RIFF.IS

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RUNNER RUNNER | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DIANA | KL. 8 (12) / MALAVITA KL. 10 | 16 |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 6 | L |



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| RUNNER RUNNER | 5.30, 8, 10 | 12 |
| DIANA | 8, 10.30 | 12 |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 5.30 2D | L |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 5.30, 8 2D | L |
| MALAVITA | 10.10 | 16 |



SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| DON JON VIP | KL. 8 | VIP |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH VIP | KL. 5:50 - 10:10 | VIP |
| RIDDICK | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| PARANOIA | KL. 8 | 12 |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ENS TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE CONJURING | KL. 10:20 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| RIDDICK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5:20 - 8 | 14 |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE CONJURING | KL. 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 10:30 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 5 - 8 - 10:10 | 14 |
| CITY OF BONES | KL. 8 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 8 - 10 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 10 | 16 |
| RUNNER RUNNER | KL. 8 | 12 |
| AULINN ÉG 2 ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DON JON | KL. 8 | 16 |
| WELCOME TO THE PUNCH | KL. 10:10 | 16 |
| RIDDICK | KL. 10:40 | 16 |
| THE BUTLER | KL. 8 | 14 |
| CITY OF BONES | KL. 5:30 | 12 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR





Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

þriðjudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 16:00
Sjá sýningaskrá á: www.kvikmyndasafn.is

**OKTÓBER**
**Aukamynd: Leníngrad, vagga byltingarinnar**

Sýningar októbermánaðar hefjast á hinni frægu kvikmynd rússneska kvikmyndajöfursins Sergei M. Eisenstein, **OKTÓBER**. Þetta sígilda verk er veisla jafnt fyrir augu sem eyru, því myndin er sýnd með nýrri tónlistarrás sem útbúin hefur verið gagngert fyrir þessa endurgerð Kvikmyndasafnsins og byggist eingöngu á tónlist meistara Dmítrí Sjostakovítsj.



BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA HALDA VINSÆLUSTU KVIKMYNDIRNAR Á EFFI ÁFRAM Í SÝNINGUM Í BÍÓ PARADÍS!!

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Barnaheill Save the Children á Íslandi


ÞAU ERU MÆTT AFTUR
modern family
Fjögur Emmy verðlaun í röð
fyrir besta gamanþáttinn
Glænýr tvöfaldur þáttur í kvöld kl. 20:05
1
3
2
Krakka stöðin
3
BÍÓ STÖÐIN
4
GULL STÖÐIN
5
6
Tónlist.is
7
VILD
8
SKEMMTIPAKKINN
Margfalt meiri skemmtun á aðeins
7.990 kr.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
margfalt skemmtilegri!

# SPORT

## Þrjú íslensk orðið Englandsmeistarar

**FÓTBOLTI** „Þetta er frábært. Við lögðum hart að okkur og það er góð tilfinning að ná markmiðum sínum,“ sagði Katrín Ómarsdóttir, leikmaður Englandsmeistara Liverpool, í viðtali við BBC. Katrín og félagar urðu Englandsmeistarar á sunnudaginn eftir 2-0 sigur á Bristol City í hreinum úrslitaleik.



Katrín er þriðji Íslendingurinn sem verður Englandsmeistari. Skagamaðurinn Sigurður Jónsson var leikmaður Arsenal er liðið vann titilinn árið 1991. Eiður Smári Guðjohnson var í meistaraliði Chelsea vorið 2005 og 2006.

Árangur Katrínar og félaga hjá Liverpool er athyglisverður, en liðið batt enda á níu ára sigurtíð Arsenal í deildinni. Þá höfnuðu þær rauðklæddu í neðsta sæti deildarinnar í fyrra en því efsta í ár. „Margar okkar voru ekki hér í fyrra. Því hefur þetta ár farið í að kynnast, setja markmið og gera okkar besta. Það gerðum við og það er góð tilfinning að vinna titilinn.“ **- ktd**

## Kolbeinn og Mario Balotelli mætast í Amsterdam í kvöld

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson og félagar leika fyrsta heimaleik sinni í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í kvöld þegar þeir fá AC Milan í heimsókn. Kolbeinn átti flottan leik í Barcelona í síðasta leik en lét verja frá sér víti undir lokin. Argentínumaðurinn Lionel Messi sá hins vegar til þess að Barcelona vann 4-0 sigur. Kolbeinn skoraði tvö mörk um helgina og fær vonandi stórt hlutverk. AC Milan vann 2-0 sigur á Celtic í fyrstu umferð. Mario Balotelli verður í sviðsljósinu á móti Kolbeini og félögum enda getur hann einbeitt sér að Meistaradeildinni þessa dagana enda í þriggja leikja banni í ítölsku deildinni.

Það er pressa á Jose Mourinho og lærsveina hans í Chelsea en þeir töpuðu á heimavelli á móti Basel í fyrstu umferð en heimsækja Steaua Búkarest í kvöld. Aðalleikur dagsins á S2 Sport er leikur Arsenal og Napoli í London þar sem stjórarnir Arsene Wenger og Rafael Benitez mætast með sín lið sem bæði unnu í fyrstu umferð. Leikur Ajax-AC Milan er á S2 Sport 3 og leikur Celtic-Barcelona er á S2 Sport 4. Þessir leikir hefjast allir klukkan 18.45 en á undan verður Hjörtur Hjartarson með upphitun og eftir leikinn fer hann yfir alla leiki kvöldsins ásamt sérfræðingum sínum í Meistaramörkunum. **- óój**



**BALOTELLI OG KOLBEINN** Tveir frábærir framherjar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gott kjöt hjá mömmu

### Daníel Laxdal spilaði hverju einustu mínútu í sumar.

**FÓTBOLTI** „Ég er ekkert að hata að tímabilið sé búið. Þetta er orðið gott,“ segir Daníel Laxdal, fyrirliði karlaliðs Stjörnunnar. Daníel var á leiðinni á sína síðustu æfingu á tímabilinu í gær þegar blaðamaður heyrði í honum hljóðið.

Fyrirliðinn hefur spilað 2.550 mínútur í deild og bikar í sumar. Afrekið verður seint slegið. Daníel spilaði hverja einustu mínútu í 22 deildarleikjum Stjörnunnar og sömuleiðis alla fimm leikina í bikarkeppninni. Þar fór Stjarnan fjórum sinnum í framlengingu í fimm leikjum. Við bætast því fjórum sinnum 30 mínútur, 120 mínútur alls, en Stjarnan fór alla leið í úrslitin þar sem liðið tapaði gegn Fram. Alltaf var Daníel inni á vellinum.



„Ég er ekki á neinu sérstöku mataræði,“ segir Daníel, spurður hvaðan orkan komi. Hann segist í raun gera það sem hann vilji hvað mat snerti og það virðist skila sér. Þá man hann eftir einu.

„Mamma má eiga það að hún er alltaf með hágæðamat daginn fyrir leik,“ segir Daníel. Yfirleitt sé gott kjöt á boðstólum fyrir bræðurna og það hljóti að hjálpa. Jóhann, yngri bróðir Daníels, leikur einnig með Stjörnunni.

Á fimm mánaða keppnistímabili getur ýmislegt komið upp á. Varnarmenn þurfa oft að taka út leikbönn en Daníel fékk aðeins þrjú gul spjöld í sumar. Þá var hann heppinn með meiðsli, sem hefur ekki alltaf verið tíðin á þeim bænum.

„Inni á milli er maður aumur en maður harkar það bara af sér,“ segir Daníel og bætir við að hann sé prúðmennið uppmálað á velli. Því myndu fáir mótmæla þó fullyrðing miðvarðarins hafi verið á léttu nótunum. **- ktd**


**SIR ALEX - áskrift!**

**Í nóvember kemur út bókin SIR ALEX - HINN MAGNAÐI FERGUSON-TÍMI HJÁ MANCHESTER UNITED 1986-2013, eftir Guðjón Inga Eiríksson**



Þarna er rakin saga félagsins á þessum árum, jafnt innan vallar sem utan og verður hún prýdd fjölda mynda.
Aftast í bókinni verður HEILLAÓSKASKRÁ (LIST OF HONOUR). Þar geta þeir sem gerast áskrifendur að bókinni fengið nafnið sitt skráð undir þakkarorðum til Sir Alex, en bókin verður síðan afhent honum.
Verð bókarinnar verður kr. 5.980 (auk 800 króna sendingargjalds) og þarf að greiða hana fyrirfram (með korti eða leggja inn á reikning). Þeir 100 fyrstu sem panta fá jafnframt að gjöf FÓTBOLTASPILIÐ.

Hægt er að panta bókina í síma 557-5270 (og eftir kl. 16 í s. 692-8508)
Einnig er hægt að panta bókina í netganginu: holar@holabok.is


# Besta sem gat gerst

### Skúli Jón Friðgeirsson hefur verið úti í kuldanum hjá Elfsborg allt tímabilið en von er á bjartari tímum eftir að þjálfarinn var látinn taka pokann sinn í gær.

**FÓTBOLTI** Skúli Jón Friðgeirsson gekk í raðir sænska knattspyrnuliðsins Elfsborg vorið 2012 og varð hann strax sænskur meistari með liðinu á sínu fyrsta tímabili.

Núverandi tímabil hefur í raun verið martröð fyrir leikmanninn sem hefur lítið sem ekkert fengið að spreyta sig með liðinu og verið út í kuldanum en Jörgen Lennartsson hefur ekki haft mikla trú á leikmanninum. Lennartsson var í gær rekinn sem þjálfari liðsins og spurning hvort Skúli Jón fái nýtt tækifæri hjá Elfsborg.



**Eins manns dauði er annars brauð**

„Eins manns dauði er annars manns brauð á kannski vel við fyrir mig í dag,“ segir Skúli Jón Friðgeirsson.

„Það er auðvitað alltaf leiðinlegt þegar menn eru látnir fara, þetta var fínn karl en fyrir mig fótboltalega var þetta það besta sem gat gerst. Ég hef ekki spilað eina einustu mínútu í deildinni á tímabilinu.“

Elfsborg er í sjötta sæti deildarinnar og getur með engu móti varið titilinn í ár. Skúli Jón gerði upphaflega fjögurra ára samning við sænska liðið en það er spurning hvort hann verði áfram hjá liðinu.

„Ég meiddist nokkuð illa á mínu fyrsta tímabili og var í burtu stóran hluta. Eftir að ég kem til baka úr meiðslunum átti ég í raun aldrei séns á að komast í liðið. Þjálfarinn gaf mér aldrei tækifærið og mér fannst alltaf eins og hann væri bara búinn að ákveða að nota mig ekki.“

Skúli Jón hefur samt sem áður ekki enn farið frá liðinu og alltaf haldið í vonina. Hann var samt sem áður, þar til í gær, á leiðinni frá Elfsborg.

**Þekki Klas Ingesson ekki mikið**

„Ég vonaðist til þess að komast í byrjunarliðið í upphafi tímabilsins og ákvað að gefa þessu séns en síðan þegar leið á sást að ég var ekkert að fara að spila. Ef þú hefðir spurt mig í gær hvort ég myndi vera áfram hjá liðinu þá hefði svar mitt verið skýrt, ég ætlaði mér að fara. Staðan er allt í einu orðin allt önnur og ég verð núna að skoða mín mál vel.“

Klas Ingesson, fyrrum landsliðsmaður og unglingaþjálfari hjá félaginu, stýrir liðinu út leiktíðina en aðeins eru fjórar umferðir eftir. Ingesson vann brons með Svíum á HM 1994.

„Ég þekki hann ekki mikið, hann hefur mikið verið að vinna með unglingaliðinu. Það er samt sem áður ljóst að hann mun ekki stýra liðinu á næsta tímabili þar sem hann hefur ekki nægilega mikla þjálfaramenntun og því verð ég bara að bíða og sjá hvað gerist.“



**EKKI EIN MÍNÚTA Á TÍMABILINU** Skúli Jón Friðgeirsson var að gefast upp á Jörgen Lennartsson sem var ekki búinn að leyfa honum að spila neitt í ár. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Skúli Jón kom til Svíþjóðar frá KR þar sem hann er alinn upp en hann varð tvöfaldur meistari á síðasta tímabili sínu í Vesturbænum.

„Það er ekki á dagskránni hjá mér að koma heim, en ef ég tek ákvörðun um að vera ekki lengur hjá Elfsborg og ekkert annað spennandi kemur upp getur það vel komið til að maður komi heim. Þá kemur auðvitað bara eitt lið til greina og það er KR.“

**stefanp@365.is**


| REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK |

**ALICIA** Svefnsófi




AÐEINS 10.514 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**119.990**

FULLT VERÐ: 139.990

**ALICIA** Svefnsófi B 163 D 83 H 78 cm. Dýnustærð 130x199 cm.
Litir: Rautt, dökkgrátt, grænt, svart, ljósgrátt og rósótt slitsterkt áklæði.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 & Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18, laugard. 11-16, sunnud. LOKAÐ EITT SÍMANÚMER 558 1100



**Tilboð: 3.490.000 kr.**
**Ford Kuga** Trend AWD GXZ15
Árgerð 2011, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 69.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 3.990.000 kr.



**Verð: 3.790.000 kr.**
**Ford Galaxy** Trend 7 sæta HHB27
Árgerð 2011, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 83.000 km. Litur: grár




**Tilboð: 2.790.000 kr.**
**Mazda3** Advance JYE69
Árgerð 2013, dísil, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Litur: grár
Ásett verð: 2.990.000 kr.




**Tilboð: 1.180.000 kr.**
**Ford Ka** Trend NXE32
Árgerð 2012, bensín, beinskiptur
Ekinn 66.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 1.380.000 kr.

Kauptu í dag

# NÝLEGIR

# BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI Á FRÁBÆRU VERÐI

Tökum allar gerðir bíla uppí!




**Tilboð: 1.950.000 kr.**
**Citroën C3** Seduction Airdream YEA15
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 61.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.090.000 kr.




**Verð: 3.290.000 kr.**
**Ford Focus** Titanium BNL50
Árgerð 2013, bensín, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Litur: grár




**Tilboð: 1.790.000 kr.**
**Mazda2** Premium UTL82
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 55.000 km. Litur: blár
Ásett verð: 1.990.000 kr.

ÁRGERÐIR 2011, 2012 og 2013

MINNI EYÐSLA

MEIRA ÖRYGGI




**Verð: 3.650.000 kr.**
**Ford Focus** Titanium STW YHK53
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 51.000 km. Litur: dökkgrár




**Verð: 4.790.000 kr.**
**Ford Kuga** Titanium S AWD DAL24
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 73.000 km. Litur: brúnn



**Tilboð: 3.280.000 kr.**
**Ford Escape** XLT AWD PMM87
Árgerð 2011, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 77.000 km. Litur: ljósbrúnn
Ásett verð: 3.640.000 kr.



**Tilboð: 2.650.000 kr.**
**Citroën C4** Comfort JGS79
Árgerð 2013, dísil, beinskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: brúnn
Ásett verð: 2.850.000 kr.

Bílafjármögnun Landsbankans




**Tilboð: 2.290.000 kr.**
**Citroën C4** Comfort KDM73
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 63.000 km. Litur: rauður
Ásett verð: 2.520.000 kr.




**Tilboð: 2.890.000 kr.**
**Ford Mondeo** Trend HFL40
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 54.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.200.000 kr.



**Tilboð: 1.990.000 kr.**
**Ford Focus** Trend Collection LZK01
Árgerð 2011, dísil, beinskiptur
Ekinn 71.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 2.250.000 kr.




**Verð: 4.290.000 kr.**
**Ford Mondeo** Titanium KZE18
Árgerð 2013, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 28.000 km. Litur: grár




**Tilboð: 3.290.000 kr.**
**Mazda6** Premium LHP94
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 43.000 km. Litur: ljósgrár
Ásett verð: 3.530.000 kr.




**Verð: 2.640.000 kr.**
**Citroën Berlingo** Multispace FID95
Árgerð 2012, dísil, beinskiptur
Ekinn 40.000 km. Litur: hvítur




**Tilboð: 1.550.000 kr.**
**Mazda2** Takara PBU12
Árgerð 2012, bensín, beinskiptur
Ekinn 63.000 km. Litur: hvítur
Ásett verð: 1.730.000 kr.

Skoðaðu meira úrval og finndu bílinn þinn á
**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Notaðir bílar – Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.05
### Modern Family

Fimmta þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar, sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.

## Í KVÖLD



### America's Next Top Model

**SKJÁR EINN KL. 19.55** Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Verkefnin eru ólík og stúlkurnar margar en aðeins ein mun standa eftir sem næsta súpermódel.



### 360 gráður

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni. Umsjónarmenn: Einar Örn Jónsson og Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson.



### Borgarilmur

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Ilmur lendir óvænt í 100.000 manna hátíðarhöldum í miðborg Helsinki, djammar með þungarokkurum, syngur í karókí, fer í hjólatúr, heimsækir leikfangasafn og svitnar í sánu.

## Bylgjan kl. 10.00
### Ívar Guðmundsson

Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 9-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.







FÍTON / SÍA

STÓRLEIKIR Í MEISTARADEILDINNI!

Okkar maður Kolbeinn Sigþórs og félagar í Ajax mæta risunum frá Mílanó, Skotarnir fá Barcelona í heimsókn í dauðariðlinum og Napoli spilar við Skytturnar í London. Þrusuflott þriðjudagskvöld í Meistaradeildinni!

Í KVÖLD

| | | |
|---|---|---|
| Zenit–Austria Vín | SPORT | 15:55 |
| Upphitun | SPORT | 18:00 |
| Arsenal–Napoli | SPORT | 18:30 |
| Ajax–AC Milan | SPORT 3 | 18:30 |
| Celtic–Barcelona | SPORT 4 | 18:30 |
| Meistaramörk | SPORT | 20:45 |

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

2 SPORT besta sætið


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Malcolm in the Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Wonder Years**
**10.40 The Glades**
**11.25 The Middle**
**11.50 White Collar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance**
**14.35 In Treatment**
**15.05 Sjáðu**
**15.35 Victourious**
**16.00 Scooby Doo og félagar**
**16.25 Ellen** *(56:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(5:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar** *(7:20)*
**20.05 Modern Family** *(1:22)*
**20.25 Anger Management** *(3:22)*
**20.50 How I Met Your Mother** *(13:24)*
**21.15 Orange Is the New Black** *(11:13)*
**22.15 Episodes** *(1:9)* Önnur þáttaröðin með Matt LeBlanc úr Friends í aðalhlutverki.
**22.45 The Daily Show: Global Editon** *(31:41)*
**23.10 Smiley Face**
**00.40 2 Broke Girls**
**01.00 Drop Dead Diva**
**01.45 Mistresses**
**02.30 Hung**
**03.00 The Closer**
**03.45 How I Met Your Mother**
**04.10 Battle for Haditha**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**14.55 Spænsku mörkin**
**15.25 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**15.55 Meistaradeild Evrópu: Zenit - Austria Vienna** Bein útsending
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Napoli** Bein útsending
**20.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.45 Meistaradeild Evrópu: Ajax - AC Milan**
**23.40 Meistaradeild Evrópu: Celtic - Barcelona**
**01.35 Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Everton - Newcastle**
**13.35 Messan**
**14.45 Hull - West Ham**
**16.25 Tottenham - Chelsea**
**18.05 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**19.00 Stoke - Norwich**
**20.40 Sunderland - Liverpool**
**22.20 Football League Show**
**22.50 Messan**
**00.00 Man. Utd. - WBA**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**16.50 Junior Masterchef Australia**
**17.40 Cherry Healy: How to Get a Life**
**18.40 American Dad**
**19.00 School Pride** *(4:7)*
**19.40 Hart of Dixie** *(4:22)*
**20.25 Pretty Little Liars** *(4:24)*
**21.10 Nikita** *(4:23)*
**21.50 Outlaw** *(3:8)*
**22.30 Damages** *(3:10)*
**23.20 2+6** *(3:8)*
**23.45 School Pride**
**00.30 Hart of Dixie**
**01.10 Pretty Little Liars**
**01.55 Nikita**
**02.40 Tónlistarmyndbönd**

## krakkar

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Ofurhundurinn Krypto **09.43** Skoppa og Skrítla **09.55** UKI **10.00** Lukku láki **10.24** Strumparnir **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Ofurhundurinn Krypto **13.43** Skoppa og Skrítla **13.55** UKI **14.00** Lukku láki **14.24** Strumparnir **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Ofurhundurinn Krypto **17.43** Skoppa og Skrítla **17.55** UKI **18.00** Lukku láki **18.24** Strumparnir **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Babe: Pig in the City

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Borgarilmur** *(7:8)*
**20.40 Hannað fyrir Ísland** *(4:7)* Glæsilegir þættir þar sem íslenskir hönnuðir fá að spreyta sig og nýta reynslu sína í að hanna bestu útivistarflíkur sem völ er á. Þóra Karitas Árnadóttir er stjórnandi þáttarins.
**21.20 Nikolaj og Julie** *(3:22)*
**22.10 Anna Phil** *(3:10)*
**22.55 Cold Feet** *(8:8)*
**23.45 Prime Suspect** *(2:2)*
**01.30 Borgarilmur**
**02.10 Hannað fyrir Ísland**
**02.55 Nikolaj og Julie**
**03.40 Anna Phil**
**04.25 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.40 Gulliver's Travels**
**12.05 I Am Sam**
**14.15 Wall Street**
**16.20 Gulliver's Travels**
**17.45 I Am Sam**
**19.55 Wall Street**
**22.00 Red**
**23.50 The Imaginarium of Doctor Parnassus**
**01.50 Vampires Suck**
**03.10 Red**

## RÚV

**14.00 Setning Alþingis** Bein útsending frá setningu Alþingis.
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Úmísúmí**
**17.43 Skrípin**
**17.46 Bombubyrgið**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** *(1:9)* Í þessum þáttum fylgjumst við með Yesmine Olsson að störfum í eldhúsinu.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 360 gráður Íþrótta** - og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni.
**20.35 Ást í meinum** *(2:3) (Leaving)* Bresk framhaldsmynd í þremur þáttum um ástir giftrar konu og ungs og óreynds manns sem vinna saman á hóteli.
**21.25 Djöflaeyjan** Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Fallið** *(3:5) (The Fall)*
**23.20 Vörður laganna** *(8:10) (Copper)*
**00.05 Sönnunargögn**
**00.45 Kastljós**
**01.10 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Once Upon a Time**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Save Me**
**18.40 Rules of Engagement**
**19.05 30 Rock** *(1:13)* Liz Lemon og félagar í 30 Rockefeller snúa loks aftur með frábæra þáttaröð sem hlotið hefur fjölda verðlauna.
**19.30 Cheers** *(13:26)*
**19.55 America's Next Top Model** *(4:13)*
**20.40 Design Star** *(4:13)* Skemmtilegir þættir þar sem hönnuðir fá erfið verkefni og sá sem færastur er stendur uppi sem sigurvegari.
**21.30 Málið** *(4:12)* Hárbeittir fréttaskýringarþættir frá Sölva Tryggvasyni þar sem hann brýtur viðfangsefnin til mergjar.
**22.00 Hannibal** *(3:13)* Allir þekkja Hannibal Lecter úr ódauðlegum bókum og kvikmyndum á borð við Red Dragon og The Silence of the Lambs.
**22.45 Sönn íslensk sakamál** *(7:8)*
**23.15 Hawaii Five-0** *(8:23)*
**00.05 CSI: New York** *(4:17)*
**00.55 Hannibal**
**01.40 Design Star**
**02.30 Law & Order UK**
**03.20 Excused**
**03.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **07.40** Golfing World **08.30** Alfred Dunhill Links Championship **12.00** Golfing World **12.50** US Open **2000** - Official Film **13.50** US Open **2002** - Official Film **14.50** Alfred Dunhill Links Championship **18.00** Golfing World **18.50** Alfred Dunhill Links Championship **22.00** Golfing World **22.50** THE PLAYERS Official Film **2012** **23.40** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

NÝJA LED SMART TV 8000 LÍNAN FRÁ SAMSUNG
Stærðir: 40"· 46"· 55"· 65" og 75"

SAMSUNG




EISA AWARD
Best Product
2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

# Glæsilegt verðlaunatæki

SJÓNVÖRPIN FRÁ SAMSUNG ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI ENDA MARG VERÐLAUNUÐ
UM HEIM ALLAN FYRIR TÆKNILEGA YFIRBURÐI OG HÖNNUN

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

**BESTI BITINN**



**„Ég er yfirlýstur chili-fíkill og finnst helst ekkert gott nema það innihaldi mikið chili. Ég enda oftast á Ban Thai, þeir gera góðan mat og eru ófeimnir við sterkt krydd.“**

Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir, annar umsjónarmanna sjónvarpsþáttarins Á fullu gazi.

# Aðsóknarmestu tónleikar síðari ára á Íslandi

Yfir 40.000 manns hafa sótt Heiðurstónleika Freddie Mercury sem haldnir eru af Rigg Events & Music ehf.

„Þetta var fyrsta „show“ sinnar tegundar sem haldið var á Íslandi eftir að Harpan varð til,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson, tónlistarmaður og stofnandi Rigg ehf., um heiðurstónleika Freddie Mercury. Yfir 40.000 manns hafa sótt tónleikana og enn eru þrennir Freddie Mercury heiðurstónleikar á döfinni.

„Þetta verða fimmtán tónleikar í heildina, ef við teljum þá tónleika með sem eftir eru hafa um 42.000 manns komið á tónleikana,“ bætir Friðrik Ómar við.

Það er svo sannarlega ekki gefins að halda tónleika á Íslandi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostar rúmlega eina milljón króna að leigja Eldborgarsalinn í Hörpu, undir eina tónleika. Með tæknibúnaði og miðasölugjöldum getur upphæðin orðið tæpar þrjár milljónir króna. Í Hofi á Akureyri kostar leiga á stærri salnum, Hamraborg, um 400 þúsund krónur, einnig getur bæst við kostnaður við leigu á búnaði og vinnu.

„Ég er í rauninni einn í þessu og mér finnst mjög gaman að standa í þessu. Það er einnig mjög ánægjulegt að hugmynd sem ég fæ geti veitt fjölda fólks vinnu en það koma um 30 til 40 manns koma að Freddie-sýningunni,“ bætir Friðrik Ómar við.

Friðrik Ómar stofnaði Rigg árið 2008 og hafa fjölmargir viðburðir verið skipulagðir af fyrirtækinu.

Næsta verkefni Rigg er Bee Gees-heiðurstónleikarnir sem haldnir verða í Háskólabíó hinn 12. október næstkomandi. - glp



**MIKIL AÐSÓKN** Friðrik Ómar Hjörleifsson stendur á bak við heiðurstónleika Freddie Mercury. MYND/GASSI






# Sömdu við eina stærstu útgáfu heims

Rokktríóið The Vintage Caravan hefur gert útgáfusamning við Nuclear Blast frá Þýskalandi sem er stærsta sjálfstæða þungarokksútgáfa veraldar.

„Við erum alveg í skýjunum yfir þessu. Þetta er yndislegt,“ segir Alexander Örn Númason, bassaleikari The Vintage Caravan.

Rokktríóið hefur skrifað undir samning við þýska útgáfufyrirtækið Nuclear Blast, sem er stærsta sjálfstæða þungarokksútgáfa heims. Á meðal þekktra hljómsveita sem eru á mála hjá fyrirtækinu eru Sepultura, Anthrax, Soulfly, Biohazard, Exodus og Overkill.

Flestar hljómsveitirnar hjá Nucelar Blast eru á meðal þeirra fremstu í þungarokki eða dauðarokki en að sögn Alexanders Arnar eru sjö til átta sveitir í klassíska rokkgeiranum eins og The Vintage Caravan.

Aðspurður segir Alexander Örn að samningurinn kveði á um að næstu plötur The Vintage Caravan komi út hjá Nuclear Blast. Einnig er stefnt á að önnur plata sveitarinnar, Voyage sem kom út hjá Senu í fyrra, komi út í janúar úti um allan heim í nýjum umbúðum.

„Þetta gerðist eiginlega óvart. Þetta er í raun og veru einum manni að þakka,“ segir bassaleikarinn um samninginn. „Það er þýskur maður sem við kynntumst á Eistnaflugi árið 2012. Hann er búinn að láta hlutina gerast að okkur óafvitandi.“

Auk útgáfusamningsins hefur The Vintage Caravan gert samning við austurríska bókunarskrifstofu. Hljómsveitin spilar á Roadburn-hátíðinni í Hollandi í apríl og líklega fer hún í tónleikaferðalag í janúar þegar platan kemur út.

Fáið þið ekki góðan pening fyrir samninginn? „Þetta er þokkalegur peningur. Þetta snýst aðallega um að við fáum nægt fjármagn til að gera plötu og til að koma okkur út. Við erum ekkert að tala um tugi milljóna en það verður ágætlega séð um okkur.“

Nýtt myndband The Vintage Caravan er komið út við lagið Expand Your Mind. Leikstjóri var Bowen Staines, sem leikstýrði einnig myndböndunum við Fjöru með Sólstöfum og Gleipni með Skálmöld. Það var tekið upp á skemmtistaðnum fyrrverandi Faktorý.

freyr@frettabladid.is



**THE VINTAGE CARAVAN** Rokktríóið The Vintage Caravan hefur gert útgáfusamning við þýska fyrirtækið Nuclear Blast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sækir innblástur í klassískt rokk

The Vintage Caravan sækir innblástur sinn í klassískt rokk frá árunum í kringum 1970, sveitum á borð við Led Zeppelin, Cream, Deep Purple, Jimi Hendrix, Trúbrot og Óðmenn. Meðal nýlegra sveita í uppáhaldi eru The Mars Volta og The Black Keys.

Hljómsveitin hét upphaflega The Vintage og tók þátt í Músíktilraunum árið 2009 þar sem hún lenti í þriðja sæti. Haustið 2010 breyttist nafnið í The Vintage Caravan og sveitin spilaði á Iceland Airwaves. Hljómsveitin sigraði í undankeppni Global Battle of the Bands hér á landi í fyrra.






# Fæddi barn í bíl á Grensásvegi

Davíð Ólafsson óperusöngvari tók á móti dóttur sinni og Hrannar Helgadóttur.

Hjónin Hrönn Helgadóttir organisti og Davíð Ólafsson óperusöngvari eignuðust litla dóttur í fjölskyldubílnum fyrir utan verslunina Pfaff á Grensásvegi í fyrrinótt. Barninu virtist liggja nokkuð á að komast í heiminn og kom það því í hlut föðurins að taka á móti henni í framsætinu. Móður og barni heilsast vel.

Hrönn og Davíð voru á leið upp á fæðingardeild frá heimili sínu í Mosfellsbænum á heimilisbílnum, litlum Volkswagen Touran, þegar þeim varð ljóst í hvað stefndi. Davíð ákvað þá að aka inn Grensásveginn, leggja uppi á stétt og taka á móti stúlkunni. Það leið ekki nema mínúta frá því að Davíð hringdi á sjúkrabílinn og þangað til að barnið, sem á læknaskýrslum er nú kallað Pfaffstúlkan, var komið í fang móðurinnar.

„Hún gaf í, svo ég gaf í og bað svo bara til guðs að löggan myndi ekki stöðva mig,“ segir Davíð um fæðinguna.

Fyrir eiga hjónin saman fjögurra ára tvíbura, og Hrönn tvö eldri úr fyrra sambandi. - mlþ



**HEILSAST VEL** Dóttir Hrannar Helgadóttur og Davíðs Ólafssonar fæddist í bílnum á leiðinni upp á fæðingardeild.



ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflétttan botn.
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kennir stelpum á gítar

**Daníel Geir Moritz**, fyrrum fyndnasti maður Íslands, heldur námskeið í október þar sem hann ætlar að kenna stelpum yfir tvítugt á gítar. Þátttakendur fá kennslubók og velur hver og einn gítarpartílag sem hann vill læra. Daníel Geir hefur sjálfur spilað á gítar frá því á unglingsárum og lærði í Tónskóla Neskaupstaðar. Hann hefur samið lög fyrir bæjarhátíðir og unnið jólalagakeppni Rásar 2 tvívegis.

- fb



### Ólafur búinn í tökum

Tökum á prufuþætti fyrir þáttaröðina Line of Sight, sem **Ólafur Darri Ólafsson** fer með stórt hlutverk í, lauk nú um helgina í Atlanta í Bandaríkjunum. Ólafur segir tökurnar hafa gengið vel og er bjartsýnn á að prufuþátturinn verði að heilli þáttaseríu. Áður en Ólafur kemur aftur heim ætlar hann að vera viðstaddur frumsýningu á kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty í New York, en hann fer einnig með hlutverk í þeirri stórmynd leikstjórans Ben Stiller.

- hg



## Mest lesið vísir

1 Hent út af Hátíð vonar
2 Jón Bjarnason syrgir dóttur sína: „Dekurverkefni ganga fyrir heilbrigðisþjónustunni“
3 „Hætti að trúa því að hann væri elskaður af Guði eins og hann var“
4 Íhuga að loka á verslunina Kost
5 „Ég er enn pínu sár“
6 Hjón frá Eþíópíu sáust fyrst í strætó á Íslandi





